

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

OKTÓBER 2006



10. tbl. 13. árg.



Lyf & heilsa
Mjódd
Opið virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14

Dælulykill
Ekkert PIN
Meiri hraði
Lægra verð
www.atlantsolia.is
AO
ATLANTSOLÍA



Lyfjaval
APÓTEK
Lyfjaval.is
Sími 577 1166



Fjöldi barna tók þátt í barnaþingi.

Barnaþing í Breiðholti

Sérstakt barnaþing sem bar yfirskriftina “Betra Breiðholt” var haldið í tengslum við Breiðholtsdaginn í september. Spurningarnar sem börnin fjölluðu um á þingunu voru: Hvað get ég gert fyrir hverfið mitt? Hvað er gott við hverfið mitt? Hvað þarf að bæta í hverfinu mínu? Og var

tilgangur þingshaldsins að auka virkni barnanna til að láta að sér kveða sem gerendur í samfélaginu í Breiðholti. Myndin var tekin á barnaþinginu og sýnir fjölda áhugasamra barna ræða um Breiðholtið og hvað betur mætti fara í hverfinu. Nánar er fjallað um barnaþingið á bls. 7.

nytt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600

Heilsugæslan

Unnið að flutningi

Ekki liggur fyrir hvenær flutningi Heilsugæslustöðvarinnar í Reykjavík í Mjóddina í Breiðholti lýkur er unnið er af fullum krafti við undirbúning þess. Breytingar á húsnæði og annar undirbúningur hefur reynst umfangsmeiri og tímafrekari en gert var ráð fyrir en upphaflega var áætlað að flutningi yrði að mestu lokið í ágúst þegar samningur við eigenda Heilsuverndarstöðvarhússins við Barónstíg rann út. Talsmaður Landsafls, sem er eigandi hússins vildi í samtali við Breiðholtsblaðið ekki staðfesta að Heilsugæslan myndi nýta allt húsið við Álfbakka 16 þar sem höfuðstöðvar Heilsugæslunnar munu verða né nefna dagsetningar um hvenær flutningi yrði lokið.

Breiðholtsblaðið heimildir fyrir því að búið sé að segja leigjendum á neðri hæð hússins upp húsnæði vegna hinnar nýju starfsemi og nokkuð hefur borið á gagnrýnisröddum þess efnis að tilkoma heilsugæslustöðvarinnar rýri það húsnæðispláss sem upphaflega hafi verið ætlað til verslunar. Á móti koma raddir um að svo stórvinnustaður og þjónustustofnun, sem Heilsugæslan er skapi fjölda nýrra viðskiptatækifæra fyrir verslunarstarfsemi í Mjóddinni. Um 220 manns munu starfa á vegum Heilsugæslunnar þegar öll starfsemi, sem fyrrhugað er að verði í Mjóddinni verður komin þangað.

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



ÚTSALA
á folaldakjöti

fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag


Þín verslun
Seljabraut



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandspóstur

10. tbl. 9. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



Mikilvægt verkefni

Er til fólk hér á landi sem er svo einangrað að það hefur enga umgengni, hvorki við ættingja né vini og kunninga. Fólk sem einvörðungu hittir annað fólk þegar það aflar sér allara brýnustu lífsnauðsynja eða sækir sér nauðsynlegustu heilsuþjónustu. Fyrir nokkrum árum hefðu fáir trúað því að svo væri en nú er ljóst að þetta vandamál mun vera algengara en órað var fyrir.

Ástæður þess að einsemd fólks og einangrun fer vaxandi geta verið margar og liggja án efa að einhverju leyti í þeim þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa á undanförnum áratugum. Alkunna er að með vexti borgarsamfélaga breytist grenndarsamfélagið. Samskipti nágranna minnka og einangrun fólks vex. Einnig virðist sem frændsemis- og fjölskyldutengsl hafi minnkað. Slíkt getur verið fylgifiskur samfélags þar sem um mikið vinnuálag er að ræða, stíft neyslukapphlaup og streitu sem fylgir slíkum lifnaðarháttum. Mun fleiri fjölskyldur sundrast einnig í dag en fyrir nokkrum áratugum, sem leiðir oft til þess að einstaklingar eigi ekki lengur samleið með fyrrum umgengisfélögum, finna sér ekki aðra og hverfa á vit einsemdarinnar.

Kannanir sýna að fólk sem orðið hefur fyrir einhverjum áföllum í lífinu; t.d. veikindum, langvarandi atvinnumissi, fjölskyldubrestum eða misst fæturna á hálu svelli ýmiskonar áreitna á oft erfiðara með en aðrir að viðhalda félagslegum tenglum og hvað þá að efla þau. Þá er einnig vaxandi hætta á að eldra fólk einangrist. Oft vegna þess að umgengishópur þess minnkar eftir því sem fleiri fara yfir móðuna miklu og yngri fjölskyldumeðlimir eiga ekki stund í erli dagsins til þess að sinna þeim sem eldri eru.

Samfélagið og stofnanir þess eru farnar að taka mið af þessari þróun og vinna það því að efla grenndarsamfélagið og ná fólki úr félagslegri einangrun. Dæmi um það er margvíslegt félagsstarf fyrir aldraða og aðra sem af einhverjum orsökum eiga ekki auðvelt með að lifa venjubundnu lífi.

Rauði krossinn, kirkjan og félagsstarfið í Breiðholtiinu er nú að hleypa af stað verkefni með því markmiði að ná til fólks sem er félagslega einangrað og aðstoða það við að fara út á milli manna að nýju. Til þess skortir sjálfboðaliða sem geta starfað með þeim stofnunum sem hér eiga hlut að máli. Nauðsynlegt er að sem flestir sjái sér fært að koma að þessu mikilvæga verkefni. Það er átakanlegt að vita til þess að fólk lifi svo einangruðu lífi að það hitti varla manneskju utan ópersónulegra samskipta við afgreiðslufólk.

Eftir því sem fólk lifir lengur við aðstæður af þeim toga verður því erfiðara að ganga inn í hið opna mannfélag að nýju. Því ríður á að finna hver áhugamál þessa fólks geta verið og hvort finna megí því hlutverk og þeim farveg í einhverju af þeim félagsstörfum sem í boði eru eða í boði kunna að verða. Breiðholtsblaðið hvetur fólk í Breiðholtiinu að taka höndum saman við Rauða krossinn, kirkjuna og félagsstarfið í hverfinu í þessu mikilvæga verkefni.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Breyta verður neikvæðri niðurstöðu í jákvæða

Sérfræðingar KPMG telja brýnt að farið verði yfir fjármálastjórn Reykjavíkurborgar í heild sinni og leitað leiða sem ætla megí að leiði til betri rekstrarárangurs. Sé tekið mið af framvindu áætlana fyrir síðustu ár hafa áform um hagræðingu ekki náð fram að ganga. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri segir úttektina áfellisdom yfir fjármálastjórn síðasta meirihluta. Borgarráð samþykkti þann 15. júní sl. að fela óháðum aðila að gera úttekt á fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Björn Ingi Hrafnsson, boðuðu til fundar með fréttamönnum af þessu tilefni fyrir nokkrum. Borgarstjóri segir skýrslu KPMG staðfesta gagnrýni sína og fjölmargra annarra á fjármálastjórn Reykjavíkurborgar síðustu árin. Hann sagði að tölurnar og staðreyndirnar, sem settar væru fram í skýrslunni töluðu sína máli. Í þeim fælist áfellisdomur yfir fjármálastjórn síðasta meirihluta. Eytt hafi verið um efni fram árum saman, skuldum safnað og þar með gengið á eignir og skattfé borgarbúa. Vilhjálmur sagði ljóst að Reykjavíkurborg verði að snúa þessari þróun við og breyta neikvæðri rekstrarniðurstöðu í jákvæða til langs tíma og bæta áætlanagerð. Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs tók undir með borgarstjóra og sagði mikilvægt fyrir nýjan meirihluta að innleiða ábyrga fjármálastjórn og laga reksturinn. Við blasi ákveðinn fortíðarvandi sem takast verði á við og það verði gert.

Hvatningarverðlaun leikskóla

Ákveðið hefur verið að stofna til hvatningarverðlauna leikskóla í Reykjavík sambærileg þeim sem veitt eru árlega til grunnskóla í borginni en ákvörðun um það var tekin á fyrsta fundi nýs leikskólaráðs.

Hvatningarverðlaunin verða veitt sex skólum ár hvert og verða í formi viðurkenningarskjals og verðlaunagrips. Markmið þeirra er að veita leikskólum í Reykjavík jákvæða hvatningu í starfi, vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fer fram í leikskólum borgarinnar og stuðla að auknu þróunarstarfi og nýbreytni. Auglýst verður eftir tilnefningum til verðlaunanna í byrjun nóvember. Foreldrar, kennarar, skólar, starfsmenn og aðrar borgarstofnanir geta sent inn tilnefningar. Í leikskólaráði Reykjavíkurborgar eiga sæti; Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður, Anna Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Friðriksdóttir, Helena Ólafsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Oddný Sturludóttir og Svandís Svavarsdóttir.

Ragnildur Erla sviðsstjóri leikskólasviðs

Ragnildur Erla Bjarnadóttir hefur verið ráðin sviðsstjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Ragnildur Erla er ráðin samkvæmt tillögu Vilhjáls Þ. Vilhjálmssonar, borgarstjóra og var ráðning hennar samþykkt einróma í borgarráði 6. október.

Ragnildur Erla tekur við starfinu 1. nóvember. Hún hefur verið aðstoðarsviðsstjóri menntasviðs

frá stofnun þess 1. júní 2005 og var um árabíl fjármálastjóri Leikskóla Reykjavíkur. Í bókun borgarráðs segir að ráðið fagni því að njóta starfskrafta Ragnhildar Erlu.

Nýr yfirmaður skipulags- og byggingarsviðs

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsfræðingur hefur tekið við sem yfirmaður skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, Birgir tók við sem sviðsstjóri. 1. október sl. af Salvöru Jónsdóttur, sem gegnt hefur stöðu sviðsstjóra í tæp fimm ár.

Birgir er skipulagsfræðingur að mennt. Hann lauk mastersprófi frá The University of Liverpool árið 1980. Á árunum 1980-1985 starfaði hann á Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Starfið fólst einkum í gagnasöfnun, úrvinnslu upplýsinga, samantekt í formi greinargerða og tillögugerð um ýmis skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1985-1988 starfaði Birgir á Borgarskipulagi Reykjavíkur m.a. við gerð Aðalskipulags Reykjavíkur 1984-2004. Hann hafði einnig umsjón með skipulagsverkefnum í eldri hverfum borgarinnar sem unnin voru samhliða gerð aðalskipulagsins og nýju skipulagsstigi, hverfaskipulagi. Haustið 1988 var Birgir ráðinn skipulagsstjóri Kópavogs. Því starfi gegndi hann til 1. október sl. er hann tók við starfi sviðsstjóra skiplags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fleiri fara með Strætó

Viðsnúningur hefur orðið hjá Strætó bs. og hefur farþegum fjölgaði um tæp 46 þúsund eða 6,8% í september, miðað við sama mánuð á síðasta ári. Farþegum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu mánuðina og er aukningin um 3,5% á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma á síðasta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. er þetta er þriðji mánuðurinn í röð sem farþegum fjölga og fimmti mánuður ársins þar sem farþegar eru fleiri í samanburði við sama mánuð síðasta árs. Á öðrum þriðjungi ársins var farþega fjöldunin hjá Strætó alls 9,2% sem var töluverð breyting frá 1,9% fækkun farþega á fyrsta þriðjungi ársins, að því er segir í tilkynningu. Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri segir þetta ánægjulega þróun eftir samdrátt síðustu ára. Það bendir ótvírætt til þess að breytingarnar sem gerðar hafa verið á leiðakerfinu mæti þörfum viðskiptavina okkar og að almenningur sé að átta sig á því að strætó er raunhæfur valkostur á höfuðborgarsvæðinu.

Sorpbílar

Tveir nýir metanknúnir sorpbílar á vegum Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar verða teknir í notkun á morgun kl. 13 á bílastæðinu við Grasagarðinn og Skautahöllina í Laugardalnum. Borgarstjórinn í Reykjavík mun taka við lyklunum og verða bílarnir svo til sýnis og boðið upp heitt kakó. Þessir bílar nýta eldsneyti sem er unnið úr sorpi í stað jarðefnaeldsneytis. Auk þess eru bílarnir búnir sjálfvirkum tunnulyftum sem eru hraðvirkari og valda minni hávaða- og loftmengun en hefðbundnar lyftur.

Tunnulyfturnar eru íslensk hönnun, alsjálfvirkar og rafknúnar en ekki hefðbundnar glussalyftur. Helstu kostir við þessar lyftur er að þær skapa hagræði með sjálfvirkninni og eru mun hljóðlátari og menga minna en glussalyfturnar þar sem ekki þarf að auka snúning á bílvélinni við losun.

Borgin rekur tíu sorpbíla til söfnunar á heimilissorpi hjá borgarbúum. Stefnt er að því að endurnýja sorpbílana á næstu árum með metanknúnum bílum. Nú eru þeir orðnir þrír og eru af Mercedes-Benz gerð og í eigu Vélamiðstöðvarinnar. Umhverfissvið leigir þá af henni.



Vestfirski forlagið

Þóttunarsími og fax 456 8181
netfang: jons@snerpa.is • vefang: thingeyri.is

Lesið meira!

Fjölbreytt úrval í Kópavogi

Winsor og Newton myndlistarvörum geta allir treyst bæði hvað varðar gæði og verð.

Jólafondurvörurnar byrjaðar að koma.

Stenboden perlur og munstur í glæsilegu úrvali.

LITIR OG FONDUR

Skólavörðustíg 12 og Smiðjuvegi 4, Kópavogi
Símar: 552 1412 og 552 1412

Dögg Pálsdóttir

LÁTUM VERKIN TALA

Dögg hefur víðtæka reynslu og þekkingu á málaflokkum sem snerta daglegt líf fjölskyldna og barna, aldraðra, öryrkja og sjúklinga.

Tryggjum Dögg örugga kosningu í 4. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík 27. og 28. október nk.

KOSNINGASKRIFSTOFA
Laugavegi 170, 2. hæð
Opið virka daga kl. 16-22
og um helgar frá kl. 12-18

dogg@dogg.is
sími 517-8388



VIÐTALIÐ

Bókaútgáfan í Breiðholtinu

Bókaútgáfan Hólar er 15 ára um þessar mundir en hún var stofnuð árið 1991 af Jóni Hjaltasyni, sagnfræðingi og rithöfundinum á Akureyri. Árið 1994 gekk Guðjón Ingi Eiríksson, kennari, til liðs við útgáfuna og var hún rekin bæði á Akureyri og í Breiðholtinu í Reykjavík frá því ári og fram á þetta ár. Þá keypti Guðjón hlut Jóns í útgáfunni, flutti allt hafurtask hennar að norðan, og kom því fyrir í Breiðholtinu.

Bókaútgáfan Hólar er því alfar-ið Breiðholtsfyrirtæki um þessar mundir og því ákvað blaðamaður Breiðholtsblaðsins að forvitnast aðeins um hana og eiganda hennar, Guðjón Inga.

-Hvað fékk þig til að gerast bókaútgefandi?
“Ég hafði um nokkurra ára skeið skrifað bækur og gefið út hjá forlögum á borð við Almenna bókafélagið og Æskuna. Auk þess hafði ég fengist talsvert við bóksölu. Í þessu tvennu liggur sennilega kveikjan að því að ég fór að gefa út bækur. Upphaflega ætluðum við Jón Hjaltason reyndar aðeins að gefa út hjá Hólum þær bækur sem við skrifuðum sjálfir en svo vatt þetta hægt og bitandi upp á sig og í dag hafa bækur eftir allmarga höfunda, bæði innlenda og erlenda, verið gefnar út hjá útgáfunni. Með öðrum orðum þá átti þetta eingöngu að verða nokkurs konar “hobby” hjá okkur en varð áður en við áttuðum okkur á að fullri vinnu.”

Nonni og Hernámsárin


-Hverjar voru fyrstu bækur Hóla?
“Fyrstu bækur Hóla voru Nonni og Nonnahús og Hernámsárin á Akureyri. Jón Hjaltason var höfundur þeirra beggja. Þriðja bók Hóla var hins vegar Þeim varð á í messunni og innihélt hún gamansögur af íslenskum prestum. Við Jón ritstýrðum þessari bók og segja má að hún sé grunnurinn að útgáfunni. Bókin varð gríðarlega vinsæl og seldist í 3000 eintökum. Það varð til þess að við ákváðum að halda áfram með fleiri bækur af svipuðum toga og hafa þær allar, alls 11 að tölu, orðið mjög vinsælar. Þar má nefna gamansögur af íþróttamönnum, fréttamönnum, alþingismönnum, læknum og börnum.”

Sumar sögurnar of grófar

-Þú nefnir þarna gamansagnaflokk. Hvar fenguð þið gamansögurnar? Og urðu ekki sumir móðgaðir að sjá nafn í sumum sagnanna?
“Við eltum uppi sögur og sagnamenn um allt land og leituðum auk þess að sögum í fjölda bóka, tímarita og blaða. Auðvitað gátum við alls ekki notað allar sögurnar sem rak á fjörur okkar, sumar voru einfaldlega alltof grófar til þess að hægt væri að birta þær í bók, þótt þar á meðal hefðu verið frábærar sögur. Þeir sem þar voru nefndir á nafn hefðu vafalítið brugðist illa við ef þær hefðu komið út á prenti, en þess utan þurftum við reyndar að glíma við ansi marga sem voru fúlir út af því sem birtist og okkur þótti ekkert athugasvert við. Þannig hótaði einn prestur að kæra okkur, sömuleiðis einn læknir og kona sem hringdi í mig var ekki sátt við sögur okkar af Steingrími Hermannssyni í einni alþingismannabókinni. Þessi kona neitaði að segja til nafns, en sagðist vera í framvarðarsveit Framsóknarflokksins og þar á bæ væru menn ekki sáttir við þessa bók. Bókin, sem heitir Hæstvirtur forseti, beið þó síður en svo afhroð þótt Framsóknarmenn hefðu eitthvað við hana að athuga og seldist í um 3500 eintökum. Það hefur líklega verið okkar heppni hvað Framsóknarmenn eru fáir.”

Áritaði fyrir Sir Alex

-Hvers konar bækur gefur Bókaútgáfan Hólar einkum út?
Hólar gefa út alls kyns bækur. Ég hef þegar nefnt gamansagnaröðina, en þess utan má nefna að hún hefur verið atkvæðamikil í útgáfu á íþróttabókum, meðal annars gefið út bók um hnefaleika, hestaíþróttir, handbolta og knattspyrnu en bækurnar um sögu Manchester United, sem er liðið mitt, Liverpool og Chelsea hafa allar hlotið miklar vinsældir. Þessar bækur skrifaði ég með bróður mínum, Agnari Frey Helgasyni og að baki þeirra liggur gríðarleg vinna. Þær eru ekki þýðingar úr öðrum bókum, heldur frumsamdar og eitthvað af þeim hefur farið út fyrir landssteinana. Til dæmis áritaði ég bók fyrir Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóra Manchester United, en forsvarsmenn í United-klúbbum á Íslandi báðu mig um



Guðjón Ingi með fyrstu jólabækur Hóla, Saga Biskups stólanna og Án lyfseðils.

það og ætluðu þeir að koma bókinni á karlinn. Þá hafa Hólar gefið bækur um tónlistarmenn svo sem um Kurt Cobain og Pétur Kristjánsson en auk þess er væntanleg á næsta ári bók um sjálfan Papa Jazz, Guðmund Steingrímsson, trommuleikara. Ennfremur hafa Hólar gefið út talsvert af barnabókum og bókum um sagnfræðileg efni og nægir þar að nefna þriggja binda verk um sögu sjávarútvegs á Íslandi.”

Biskupsstólabókin viðamest

-Hvað gefur Bókaútgáfan Hólar út margar bækur í ár og hverjar eru þær helstu?
“Hólar gefa út á þriðja tug bóka í ár og kennir þar margra grasa. Erfitt er fyrir mig að gera upp á milli þeirra en Saga biskupsstólanna, sem er 864 blaðsíður að stærð og kom út í júlí síðastliðnum, er viðamesta verkið sem ég hef tekið þátt í að gefa út. Þessi

bók er þjóðarsaga Íslendinga í nærfeilt 1000 ár og hana ættu allir að lesa. Síðan má nefna ævisögu eins mesta kvenskörungs í stjórnmálum á Íslandi, Margrétar Frímannsdóttur. Sú bók verður býsna mögnuð enda hefur Magga upplifað ansi margt og dregur þar ekkert undan. Einnig langar mig að nefna Fall Berlínar, eftir breska sagnfræðinginn Antony Beevor, en hann er væntanlegur hingað til lands á næstu dögum í tengslum við útgáfu bókarinnar og



Guðlaugur Þór

Kraftur til framtíðar



heldur hér fyrirlestra. Þeir verða þó örugglega búnir þegar þetta eintak Breiðholtsblaðsins kemst í hendur lesenda.”

Vildi ekki bækur í jólagjöf

-En hvernig bækur les forsprakki Bókaútgáfunnar Hóla?
“Það er kannski skrýtið að segja frá því en forsprakki Hóla var framan af ævi afskaplega lítill bókamaður og á barna- og ungling-sárunum fór það til dæmis mjög í taugarnar á honum ef hann fékk bækur í jólagjöf. Þeim var flestum skipt við fyrsta tækifæri og hljómplötur fengnar í staðinn. En þetta hefur breyst og síðast-liðna tvo áratugi hef ég lesið gríð-armikið af bókum mér til mikillar ánægju. Þar ber mest á erlendum bókum um aðaláhugamál frá fæð-ingu, knattspyrnu. Hún er mitt “dóp” ef svo má segja og á ég orðið talsverðan fjölda af fótbolta-bókum. Ég hef lesið þær mér til ánægju en einnig notað mikið af þeim sem heimildir í þær bækur sem ég hef skrifað um þessa eftir-lætisíþróttagrein mína. Ég les líka margt annað, einstaka ævisögur hafa vakið hjá mér forvitni og því hef ég freistast til að kaupa þær bækur og eins hef ég ákaflega gam-an að lesa bækur um sagnfræðileg efni, til dæmis þær sem tengjast á einhvern máta atvinnu- og byggða-sögu okkar Íslendinga.”

Í tveimur bílskúrum

-Þú þarft auðvitað gríðarlega stórt húsnæði undir bókaútgáfunu, ekki satt?
“Jú, ég þyrfti að hafa mjög stórt húsnæði, en hef það því miður ekki. Henni er komið fyr-ir í tveimur bílskúrum og þar er ansi þröngt. Þar eru kassastæð-ur upp um alla veggj og út um öll gólf og ósjaldan gerist það að einhver staflinn nánast ræðst á mig. Ég er þá að taka til bókasend-ingar í búðirnar og í hamagangin-um rek ég mig kannski utan í eina stæðuna sem undir eins hrynur á mig. Þessu tengist ágæt saga en fyrir nokkrum árum kom útvarps-maður frá Bylgjunni til að taka við mig viðtal. Nokkrar mínútur voru í viðtalið þegar hann kom og ákvað ég að gefa honum eitthvað af bókum til að taka með sér til baka. Ég ætlaði að ná í eina, sem var í bókastafla í litlu geymsluher-bergi og var ekki alveg efst í sinni röð. Ég ætlaði að kippa henni var-færnislega til mín en um leið og ég gerði það hrundi staflinn yfir mig, lenti á geymsluhurðinni og lokaði henni. Ég rétt náði að kom-ast út úr geymslunni áður en við-talið átti að fara í loftið en það var ansi móður viðmælandi sem sagði hlustendum þessara ágætu útvarpsstöðvar frá jólabókum Hóla það árið.”

Byrjaði á skólaskopinu

-Hvenær byrjaðir þú sjálfur að skrifa bækur?
“Ætli það séu ekki svona tutt-ugu ár síðan. Ég og þáverandi samkennari minn, Jón Sigurjóns-son, tókum upp á því að hripa hjá okkur kostuleg svör nemenda á prófum og útkoman varð fjög-urra bóka sería, Skólaskop, sem auðvitað inniheldur einnig sögur sem við öfluðum okkur hjá öðr-um kennurum. Þetta átti bara að verða ein bók en viðtökurn-ar voru slíkar að ekki var látið staðar numið fyrr en sú fjórða var komin út.”

Komnar á fjórða tuginn

-Hvað hefur þú skrifað margar bækur?
“Þær eru sennilega farnar að nálgast fjórða tuginn. Ætli þar á meðal séu ekki ríflega tuttugu gamansagnabækur, átta bækur um knattspyrnu og eitthvað af spurningabókum.”

Þögn um önnur viðfangsefni

-Hvað væri þinn draumur að skrifa um eða gefa út?
“Mig langar til að halda áfram að skrifa ef færi gefst og þá bæði að taka saman gamansögur og knatt-spyrnutengt efni. Einnig langar mig við tækifæri að spreyta mig á öðrum viðfangsefnum en um þau læt ég ekkert upp að svo stöddu.”
Ég þakka Guðjóni Inga Eiríks-syni, bókaútgefanda í Breiðholti og eiganda Bókaútgáfunnar Hóla, fyrir spjallið og fæ um leið leyfi hans til að birta hér á opnunni nokkrar sögur úr hinni vinsælu gamansagnabókaröð sem hann ýtti úr vör fyrir rúmlega tíu árum síðan.

Erna Ýr.

Að fanga augnablikið

Að fanga augnablikið verður alltaf kúnt. Hvort sem er með myndrænum hætti eða öðrum. Eftirtektin þarf að vera næm. Og ekki síður áhugi fyrir hinu sérstæða í mannlífinu hvort sem það birtist með orðum, athöfnum eða jafnvel kyrrstæðum myndum í hinu daglega lífi. Margir hafa gerst sér að leik og einnig að starfi að fást við þetta krefjandi viðfangsefni sem augnablik-ið er. Sumir hlusta aðrir horfa og beita hinum ýmsu miðlum til þess að tjá öðr-um þessi augnablik eins og þeim hefur tekist að fanga þau.

Ari Sigvaldason er einn þeirra. Hann er raunar þekktastur fyrir blaða- og fréttastörf, starfsvettvang þar sem ekki síður er nauðsynlegt að hafa auga á augnablikinu en í öðrum störf-

um en hefur nú sýnt á sér nýja hlið. Þá hlið birtir hann með ljósmyndavél-inni sem hann ber jafnan með sér þar sem hann á leið um og gefur gaum að umhverfinu. Á ljósmyndasýningu hans sem nú stendur yfir í Gerðu-bergi má sjá mörg hversdagsleg sjón-arhorn úr hinu daglega lífi sem hann hefur gefið nýtt inntak með ljósmynd-un sinni, með því að vaka yfir augna-blikinu og fanga það á filmu eins og það birtist honum en verður ef til vill aldrei aftur eins. Hvort sem hann er staddur innan um mannaferðir á víðavangi, á gatnamótum eða jafnvel í verslunarmiðstöðvum borgarinnar verður þessi heimur augnabliksins á vegi hans. Mannlífið sem birtist jafn-

an með ofurvenjulegum hætti verður í meðförum Ara og myndavélarinnar hans eins og sérstætt. Eitthvað sem aðeins varir í augnablik og kemur ekki aftur. Ýmsir ljósmyndarar hafa fengist við viðlíka hluti í gegnum tíðina með allskyns áherslum og árangri en ein-faldleikinn sem Ari sækist greinilega eftir gerir myndir hans einkar áhuga-verðar. Þær gefa innsýn í mannlíf sem við höfum fyrir framan okkur en gef-um oft ekki gaum. Hann kýs að kalla sýningu sína “úr launsátri” rétt eins og hann hafi læðst að viðfangsefn-sínu eins og hver annar hrekkjalómur. Ef til vill krefst athygli af þessu toga þess að stundum sé horft fyrir horn en mikið fremur mun þó nauðsynlegt að kunna þá kúnt að fanga augnablik-ið. Augnablikið sem líður hjá og kem-ur ekki aftur. Það segir allnokkuð um mannlífið og það tekst Arna mætavel með myndum sínum.

4

Sigurð Kára Kristjánsson, alþingismaðinn í 4. sæti



BREIÐHYLTING TIL FORYSTU!

„Ég er stoltur af því að sjá gamlan nemanda minn og Breiðhylting stefna að forystusæti hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. Framganga hans í störfum sínum á Alþingi á síðasta kjörtímabili, dugnaður og heiðarleiki hefur vakið sérstaka eftirtekt mína. Ég styð hann heilshugar í 4. sætið og skora á alla Breiðhyltinga að gera það líka.“

Sigurjón Fjeldsted
fyrrv. skólastjóri Hólabrekkuskóla

www.sigurdurkari.is

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október.
Kosningaskrifstofa Sigurðar Kára - Aðalstræti 6
Sími: 561-2620 og 561-2624

Breiðholtsdagur að festa sig í sessi

Fjöldapátttaka Breiðholtsbúa, virkni félagasamtaka og stofnana og fjölbreytt dagskrá einkenndi Breiðholtsdaginn sem haldinn var í fjórða sinn í göngugötunni í Mjódd laugardaginn 30. september s.l. Breiðholtsdagurinn er því að festa sig í sessi sem ein af stærri hverfishátíðum í Reykjavík og er þegar farinn að hafa jákvæð áhrif til aukins samstarfs einstaklinga, félaga og stofnana í hverfinu.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri ávarpaði gesti og tók á móti niðurstöðum grunn-skólabarna frá Barnaþingi Breiðholts sem haldið hafði verið fyrir í vikunni. Leikskólabörn sungu fjöldsöng, Gerðubergskórinn söng, verðlaun vegna ljósmyndasamkeppni voru afhent, sönghópur eldri borgara úr Árskógum söng, ungir dansarar úr ÍR sýndu frábæra takta á sviðinu. Mikla athygli vakti atriði tveggja stráka úr 10. bekk í Fellaskóla sem sungu og spiluðu af mikilli list og Idolstjarnan Snorri Snorrason sem ólst upp í Breiðholtinu söng við góðar undirtektir. Fjölbjóðlegur kvennakór kom fram í fyrsta skipti og átti frábæra innkomu eftir aðeins þriggja vikna undirbúningstíma.

Dagskráin endaði á Betra-Breiðholtsskokkinu en Atlantsólía greiddi ákveðna upphæð fyrir hvern þátttakanda í skokkinu sem renna mun til umsjónarfélags einhverfra. Þrjár sýningar voru opnaðar í göngugötunni á Breiðholtsdaginn sem allar stóðu yfir til næstu helgar. Í fyrsta lagi myndir úr ljósmyndasamkeppninni "Betra Breiðholt, mannlíf og umhverfi". Þá ljósmynda og list-sýning leikskólabarna um þemað "Hverfið mitt" og að endingu sýn-



Margmenni í göngugötunni í Mjódd á Breiðholtsdegi.



Eldri borgarar sýna handverk á Breiðholtsdegi.

ing á niðurstöðum frá Barnaþingi Breiðholts þar sem fjallað var

um spurninguna: "Hvað getum við gert fyrir hverfið okkar".



Frá stofnfundi Búasamtaka Breiðholts.

Íbúasamtökin Betra Breiðholt tekin til starfa

Íbúasamtökin Betra Breiðholt voru stofnuð fimmtudaginn 28. september s.l. Um þrjátíu manns mættu á stofnfund samtakanna sem haldinn var í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Eftirtaldir voru kosnir í fyrstu stjórn íbúasamtakanna: Helgi Kristófersson, Bogi Arnar Finnbogason, Elísabet Júlíusdóttir, Gunnar H. Gunnarsson, Magnús Gunnarsson, Elín Huld Hartmannsdóttir og Þorkell Ragnarsson. Varamenn í stjórn voru kosnir: Guðrún Elva Arinbjarnardóttir og Ingimundur Pétursson. Skoðunarmenn ársreikninga voru kosnir: Ricardo Villalobos og Gunnlaug Gissurardóttir. Nýkjörin stjórn hefur þegar haldið tvo stjórnarfundir. Á aðalfundinum voru lög samtakanna samþykkt og starfsáætlun fyrir fyrsta starfsárið.

Í starfsáætlun fyrsta starfsárs er lögð áhersla á fjölgun bílastæða þar sem þess er þörf í hverfinu. Með því eina móti telja íbúasam-

tökin við að unnt verði að venja bíleigendur af því að leggja bílum á grasbletti meðfram götum og spæna þá upp á vorin og haustin sem mikið lýti er að. Fegrun skólalóða er einnig á verkefnaskrá íbúasamtakanna því tæplega sé hægt að ala upp virðingu skólabarna fyrir umhverfi sínu ef skólalóðir eru almennt nóturlega og óvistlegar. Í þriðja lagi leggja íbúasamtökin áherslu á endurbætur á almenningsamgöngum í hverfinu, m.a. með því að bæta göngu- og reiðhjólástíga, svo og hafa reglulegar strætisvagnaferðir um hverfið, einkum á álagstímum, sem mættu gjarnan vera niðurgreiddar fyrir skólafólk allt að tvítugsaldri og elli-lífeyrisþega. Þá leggja hin nýstofnuðu íbúasamtök áherslu á endurbætur varðandi umferðaröryggi og einnig á endurbætur á útivistarsvæðum og opnum svæðum í Breiðholti.

SKÓOVERSLUN Í ÞÍNU NÁGRENNI

Brigitte Ravel GÆÐA HEILSUSKÓR

HÁGÆÐA HEILSUSKÓR

Stærðir 36 - 41



HÁGÆÐA HEILSUSKÓR

Stærðir 36 - 41



STABI FOOT GÆÐA BARNASKÓR

Mikið úrval af vönduðum barnaskóm á góðu verði



Stærðir 18 - 26



Stærðir 18 - 34



Stærðir 18 - 34

www.xena.is

LOÐFÓÐRUÐ STÍGVÉL



Stærðir 25-35 Verð kr: 4.795.-



Með hverju keyptu pari fylgja inniskór að eigin vali á barnið!

Vandaðir skór á alla fjölskylduna í stærðum 16 - 50



MJÓDDINNI S: 557 1291



SPÖNGINN S: 587 0740



Gabor



Frábær vinna á fyrsta Barnaþingi Breiðholts



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri tekur við niðurstöðum barnaþings úr höndum tveggja drengja.

Sérstakt barnaþing var haldið í fyrsta skipti í Breiðholti í haust. Þingið var haldið í tengslum við Breiðholtsdaginn í september með öllum nemendum í 6. bekk í grunnskólum í Breiðholti. Barnaþingið sem bar yfirskriftina "Betra Breiðholt" var haldið fimmtudaginn 28. september í Breiðholtsskóla.

Á þinginu fjölluðu nemendur um efni sem tengist mannlífi og umhverfi þeirra og svöruðu m.a. spurningunum: Hvað get ég gert fyrir hverfið mitt? Hvað er gott við hverfið mitt? Hvað þarf

að bæta í hverfinu mínu? Börnin höfðu undirbúið svörin dagana á undan ásamt kennurum sínum í hverjum skóla. Á barnaþinginu sjálfu gerði nemendahópur frá hverjum skóla grein fyrir niðurstöðum sínum. Börnin og kennarar þeirra lögðu mikinn metnað í undirbúninginn og kynningar á niðurstöðum voru mjög fjölbreyttar og vel undirbúnar. Nemendur hvers skóla afhentu síðan borgarstjóranum Vilhjálmi Þór Vilhjálmssyni niðurstöðurnar á Breiðholtsdaginn. Tilgangur þingshaldsins er að auka virkni barnanna til að

láta að sér kveða sem gerendur í samfélaginu í Breiðholti. Starfslið Þjónustumiðstöðvar Breiðholts hafði umsjón með framkvæmd þingsins. Í úrlausnum þeirra kom ýmislegt fram og það sem þeim fannst helst vanta var m.a. þetta: Sundlaug í Neðra-Breiðholt, sparkvöll, ísbíl í hverfið, fleiri ruslatunnur og bætt umgengni. Af því sem börnunum fannst best við hverfið sitt má nefna: Sundlaug í Efra-Breiðholti, rólegt, fallegt og öruggt hverfi, góðir skólar, sparkvöllir og margt góðra vana.

Í 3.-5. SÆTI Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISMANNA



Birgir Ármannsson er eljúsamur þingmaður Reykvíkinga, sem staðið hefur dyggan vörð um hagsmuni höfuðborgarsvæðisins. Ekki síður hefur Birgir verið trúr hugsjónum sínum um eðli frelsis og framtaks með baráttu sinni fyrir lægri sköttum og tollum auk þess að hlutverk ríkisins skuli að vera skýrt afmarkað á þann veg að það vinni fyrir borgarana en ekki gegn þeim. Þannig menn þurfum við á þing.

STUÐNINGSMENN.

BIRGIR

ÁRMANNSSON


www.birgir.is

Félagsmiðstöðvardagurinn 1. nóv. - opið hús fyrir alla

Taktu þátt og láttu sjá þig eru einkunnarorð Félagsmiðstöðvardsins sem verður miðvikudaginn 1. nóvember n.k. en þá verður opið hús í öllum félagsmiðstöðvum í Reykjavík frá kl. 17 til 21.

Þessi dagur er tilvalin fyrir foreldra, systkini, ömmur og afa, frænkur og frænda til þess að koma til okkar í Hólmasel eða Miðberg og skoða hvað unglingurinn þinn er að gera hjá okkur. Hvaða

aðstöðu við höfum upp á að bjóða, spjalla við allt okkar frábæra starfsfólk og fá tilfinningu fyrir félagsmiðstöðvarlífinu. Einnig er hægt að spila billiard, borðtennis, taka nokkur lög í singstar, skoða myndir úr starfinu okkar og kynna sér það fjölbreytta starf sem við bjóðum uppá. En allt það starf sem við vinnum er hugsað sem forvarnarstarf á einn eða annan hátt. Nánari dagskrá auglýst síðar en boðið verður uppá léttar veitingar.



Við eigum næsta leik
Breiðhýltingar – munið prófkjör Samfylkingarinnar.
Veljum vel á S-listann!

Mörður Árnason
4.–6. sæti
www.mordur.is

Opið öllum stuðningsmönnum – kosið 11. nóvember í Próttarheimilinu, Laugardal, kl. 10–18

Útíkennsla við Elliðavatn - nýjung í skólastarfi

Í Heiðmörk við Elliðavatn skammt ofan Breiðholtsins fer nú fram nýjung í skólastarfi hér á landi. Er þar um að ræða svonefnda útíkennslu á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur sem er samstarfsverkefni umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Landverndar. Um er að ræða þriggja ára þróunar- og samstarfsverkefni og gert er ráð fyrir að formlegur samstarfsvettvangur verði tekinn til endurskoðunar á árinu 2007.

Frá því að Náttúruskólinn var settur á laggirnar á síðasta ári hefur umfang hans aukist jafnt og þétt en markmið hans er að efla útíkennslu og útinám í grunn- og leikskólum borgarinnar. Helena Ólafsdóttir, verkefnisstjóri segir að skólinn anní ekki þeirri eftirspurn sem borist hafi. Kennarnámskeiðin séu öll fullsetin og dagskrá haustmisserisins fullbók-uð. Helena segir að þótt um sjálfsprottið verkefni sé að ræða þá bjóði þær breytingar sem orðið hafi á skólastarfi að undanfögnu upp á skólastarf af þessu tagi. Með lengingu skólaársins hafi orðið til tækifæri til þess að nýta enda þess að vori og hausti til kennsluverkefna af þessu tagi og kalli þau á nokkuð ný vinnubrögð af hálfu kennara. Helena segir að þjóðlífsbreytingar komi þarna einnig við sögu vegna þess að börn á grunnskólaaldri séu minna úti við en áður var. Því sé nauðsynlegt að fyrir skólann að koma á móti þessari þróun og geta skapa börnum möguleika á útivist samhliða hinu hefðbundna skólanámi. Hún segir þetta einnig tengjast því að um vakandi áhuga sé í samfélaginu á lýðheilsu og á útiveru. Fleiri og fleiri kennarar hafi komið auga á möguleikana til útíkennslu og hún falli vel að markmiðum skólans um einstaklingsmiðað nám. Þótt útíkennsla sér fyrst nú að líta dagsins ljós hér á landi þá á hún sér lengri hefð í nágrannalöndum okkar. Talsvert er um skólastarf af þessum toga á Norðurlöndunum þar sem skólar fara með nemendur á skógarsvæði þar sem þeir dvelji daglangt eða jafnvel yfir nótt. Ástæður þess að þetta fyrirkomulag hefur ekki þróast fyrr hér á landi má e.t.v. rekja til þess hversu aðgangur að skóglendi hef-



Helena Ólafsdóttir við útíkennslu. Af myndinni má dæma að námsefni sé grasafræði.

ur verið takmarkaður. Með samstarfi Útiskólans við Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur verið fundin lausn á þeim vanda og skóglendið

í Heiðmörkinni fyrir ofan Elliðavatn er kjörin staður til verkefna af þessum toga.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

borgarblod.is

Inflúensubólusetning hjá Heilsugæslunni Efra-Breiðholti er hafin.

Vinsamlegast hafið samband við
Heilsugæsluna Efra-Breiðholti,
Hraunbergi 6,
og pantið tíma í bólusetningu.
Síminn er 594 0500.

Verð 600,- krónur auk komugjalds.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára.
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrar-sjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Starfsfólki heilbrigðisþjónustu og öðrum sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Reykjavík 26. október 2006.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
www.heilsugaeslan.is

SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASÉLI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað
bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir,
stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712



BONUS  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS**  **BONUS** **BONUS**

Merkt ved 699 KR

Frosinn KS lambabógur- slátrun 2006

ERAN/Landlist

allt að verða vitlaust í nettó

komdu í heimsókn

*pú sparar
239 kr/kg*

959 kr/kg

Verð áður 1.198 kr/kg

Goða kryddað lambalæri

*pú sparar
1.049 kr/kg*

35%

afsláttur við kassa

Verð nú 1.949 kr/kg

Verð áður 2.998 kr/kg

meyrnuð piparsteik

*pú sparar
1.189 kr/kg*

35%

afsláttur við kassa

Verð nú 2.209 kr/kg

Verð áður 3.398 kr/kg

Nautafille

*pú sparar
972 kr/kg*

35%

afsláttur við kassa

Verð nú 1.806 kr/kg

Verð áður 2.778 kr/kg

Roast beef vac kryddað

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Gildistími frá 26. október til 29. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

**pú sparar
411kr/kg**



51%

afsláttur við kassa

Verð nú 395 kr/kg

Verð áður 806 kr/kg

BK grísahakk

**pú sparar
162 kr/kg**



25%

afsláttur við kassa

Verð nú 487 kr/kg

Verð áður 649 kr/kg

Ísfugl kjúklingalæri m/legg

allt í matinn á einum stað

netto



299 kr/kg

Súpukjöt



50%
afsláttur við kassa
Verð nú 190 kr/pk
Verð áður 379 kr/pk

Náttúra hrísgrjón Basmati 3,5 kg



50%
afsláttur við kassa
Verð nú 250 kr/pk
Verð áður 499 kr/pk

Náttúra hrísgrjón jasmin 3,5 kg

allt í matinn á einum stað





99

kr/pk

Hunts tómatsósa



99

kr/pk

Goða pylsur 5 stk.

allt í matinn á einum stað

netto

frábært
verð í nettó



999
kr.kg

Smálúðuflök 1 kg.

allt í matinn á einum stað

netto

**fila hárband
fylgir frítt**

499 kr/pk

Verð áður 1.499 kr/pk

Fila stuttbuxur

allt í matinn á einum stað

nettó

255 myndir í ljósmyndakeppni

Á liðnu sumri efndi Þjónustu-
miðstöð Breiðholts til ljósmynda-
samkeppni meðal íbúa í hverfinu
undir nafninu Betra Breiðholt,

mannlíf og umhverfi. Alls bárust
255 myndir í keppnina og voru
verðlaun afhent fyrir bestu fimm
myndirnar á Breiðholtsdaginn

30. september s.l.
Hinn kunni ljósmyndari Páll Stef-
ánsson var dómari samkeppninn-
ar. Myndir sem fengu fyrstu, önn-

ur og fimmtu verðlaun tók Sigrún
Þorvarðardóttir. Mynd Matthíasar
Ægissonar hlaut þriðju verðlaun
og mynd Báru Dísar Benediktsdótt-

ur hlaut fjórðu verðlaun. Verðlaun-
in í keppninni voru ljósmyndavör-
ur frá Myndvali í Mjódd. Verðlauna-
myndirnar í keppninni birtast hér.



Skemmtilegt í Breiðholt varð í fyrsta sætisæti. Ljósmyndari er Sigrún Þorvarðardóttir.



Skýjafar við Breiðholtskirkju varð í öðru sæti. Ljósmyndari er Sigrún Þorvarðardóttir.



Fótbolti í Breiðholti varð í þriðja sæti. Ljósmyndari er Matthías Ægisson.



Laus störf í leikskólum

Viltu vinna í þínu hverfi? Þá höfum við störf fyrir þig.

Deildarstjórar
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- Árborg, Hlaðbæ 7, sími 587-4150
- Bakkaborg, Blöndubakka 2, sími 557-1240
- Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
- Fálkaborg, Fálkabakka 9, sími 557-8230
- Geislabaugur, Kristinbraut 26, sími 517-2560
- Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Um er að ræða hálfa stöðu eftir hádegi.
- Hólaborg, Suðurhólum 11, sími 557-7350
- Rauðaborg, Viðarrimi 9, sími 567-2185
- Rofaborg, Skólábæ 6, sími 567-2290 og 587-4816
- Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350.
- Um er að ræða 50% stöður eftir hádegi.
- Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040.
- Um er að ræða 100% stöður frá 1. desember og 1. janúar 2007. Einnig vantar í 50% stöðu frá 1. janúar 2007.

Sérkennsla

- Hólaborg, Suðurhólum 21, sími 557-6140. Proskapjálfi eða starfsmann með sambærilega menntun óskast.
- Suðurborg, Suðurhólum 19, sími 557-3023. Proskapjálfar, leikskólakennarar eða annað uppeldismenntað fólk óskast til starfa við sérkennslu.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannabjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni.

Menntasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík
Sími 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?

Sigurbjörg Júlíusdóttir er bókavörður á Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Hún er líka mikill lestrarhestur.

Ég er alin upp við bóklestur frá unga aldri. Það á því vel við mig að vinna á bókasafni. Ég er í leshring, við erum 9 konur sem höfum gaman af glæpasögum. Við hittumst einu sinni í mánuði og tölum um bækur og skiptumst á skoðunum.

Bókin sem ég var að lesa núna er á þeim nótum. Hún heitir The two minute rule, höfundur er Robert Crais. Bankaræningja er sleppt úr fangelsi eftir 10 ára betunarvist. Sama daginn fréttir hann að sonur hans sem var lögreglumaður hefur verið myrtur. Hann fer að rannsaka málið og vitaskuld með alla á móti sér. Þarna er öllu snúið við því glæpon er að rannsaka lögregluna. Mjög skemmtileg saga.

Ég var líka að lesa mjög góða bók sem heitir Leyndardómur býflugnanna. Ég las hana í einum



Sigurbjörg Júlíusdóttir.

dúr, ég gat ekki hætt. Sagan gerist um 1960 og er proskasaga ungrar stúlku og líka saga réttindabaráttu blökkumanna á þeim árum. Það er langt síðan ég hef lesið bók sem mér finnst eins góð. Ég mæli virkilega með henni.

Nýlega las ég bók eftir Anitu Shreve sem heitir The light in

snow. Hún er líka mjög góð. Hún er um mann sem þarf að takast á við nýjar aðstæður í lífinu. Hann er arkitekt í New York og missir konu og unga dóttur í bílslysi. Hann treystir sér ekki til að takast á við hversdagslífið og flytur með 12 ára dóttur sína í smábæ þar sem þau búa afskekkt. Bókin fjallar um það hvernig þeim gengur að takast á við þessar breyttu aðstæður. Síðan gerist atburður sem breytir öllu

Nú í haust var bryddað uppá þeirri nýjung í Gerðubergssafni að vera með bókasjall á miðvikudagskvöldum. Fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 20 hittist fólk á safninu og spjallar um bækur yfir kaffisopa og konfektí. Næsta sjall verður miðvikudaginn 1. nóvember kl. 20 og eru allir velkomnir í laflétt spjall um bækur.

Ég skora á Sigurjónu Sigurðardóttur að segja frá bókum sem hún hefur lesið í næsta Breiðholtsblaði.



FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

• Suðurlandsbraut 50 • 108 Reykjavík
Sími: 533 4300 • Fax: 568 4094
www.husid.is • husid@husid.is



555 1947

www.husco.is



EVA
1.450 kr.



STAR DUST
3.780 kr.



PERNILLE
3.980 kr.



NÝJU SIRIUS LJÓSASERÍURNAR


LÁTTU HEILLAST!




NELLIE
5.250 kr.



ANNIE
2.480 kr.



COCO
1.350 kr.




MARY
3.250kr.



IDA
2.950 kr.



MIKELA
3.250 kr.



NINA
3.250kr.



LAURA
3.980 kr.



DEBBIE
2.380 kr.



JOACHIM
2.350kr.



GARDHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Við nálgumst viðskiptavinina í stað þess að bíða eftir þeim

Nútíminn mætir manni þegar komið er í útibú Glitnis í Þarbakk-anum í Mjóddinni. Opin vinnu-rými starfsfólks og galopin gler-hurð inn til útíbússtjórans. Þung-ar hurðir og bjöllur á dyrastöfum heyra liðnum tíma til og aðgangur að starfsfólki er annar og auðveld-ari en áður var. En vinnuumhverfi bankafólksins er ekki það eina sem breyst hefur í árána rás heldur nánast allt sem við kemur bankastarfseminni. Lilja Pálsdóttir, nýráðin útíbússtjóri Glitnis í Mjóddinni, hefur starfað í banka í hartnær aldarfjórðung eða í 24 ár og hefur því fylgst vel með þeim breytingum sem orðið hafa. Hún flutti sig nýverið eða fyrir liðlega þremur vikum af Laugaveginum í Mjóddina. Hún segir breytingarn-ar hafa orðið svo miklar að varla sé hægt að ímynda sér hvernig unnið hafi verið fyrir aldarfjórð-ungi. “Þegar ég hóf störf í banka voru fyrstu tölvurnar að koma en þær líktust ekkert þeim tölvu-búnaði sem notaður er í dag og fastæki voru næstum óþekkt. Við notuðum reiknivélar og upplýs-ingar varð að sækja í næstu skjala skápa eða að fá þær í gegnum síma og bankapóst. Nú hefur maður þetta allt á skjánum fyrir fram-an sig og þar fer mikill hluti af samskiptum við viðskiptavinina einnig fram.”

Mæti glöð á hverjum degi
Lilja segir sér lítast vel á að vera komin í Breiðholtið. Umhverfið sé áhugavert og mjög gott starfs-fólk í Þarbakkanum. “Og nú er ég að kynna viðskiptavininum. Ég hygg að viðskiptavinahópurinn

komi til með að verða mun fjöl-breyttari en niður á Laugavegi vegna þess hversu mörg atvinnu-fyrirtæki tengist Mjóddinni og nágrenni hennar. Laugavegurinn er vissulega í alfara leið en Mjódd-in er það líka hér við Reykjanes-brautina. Því geri ég ráð fyrir að sjá þverskurð af fólki og fyrirtækj-um hér í bankanum sem vissulega gefur lífinu lit.” Lilja hóf störf í banka strax eftir að hafa lokið framhaldsskóla en kveðst þó hafa ætlað í framhaldsnám. Dvölin í bankanum hafi þó orðið lengri en ætlað var í fyrstu og hún hafi ekki látið drauminn um nám ræt-ast fyrr en fyrir sex árum að hún fór í rekstrarnám í endurmennt-un sem hún vann að ásamt vinnu sinni. “Annars hefur starfið sjálft verið mikill skóli. Verkefnið hafa verið og eru mjög fjölbreytt og þróunin verið afskaplega hröð. Bæði í vinnuferlinu sjálfu og ein-nig þeirri þjónustu sem bankar eru veita. Vöruþróunin hefur verið mjög hröð ef við notum þá samlíkingu og umhverfið er allt mikið viðskiptavænna en áður.” En hefur Lilju fundist gaman í vinnunni. “Ég verð að svara því játandi og ég hefði örugglega ekki verið við þessi störf í allan þennan tíma hefði mér ekki lík-að vinnan og vinnustaðurinn. Þar fer saman ágætt fólk sem ég hef starfað með í gegnum tíðina og einnig hin mikla fjölbreytni sem einkennt hefur þennan starfsvett-vang. Nei - mér hefur aldrei leiðst í vinnunni og get ekki sagt annað en að ég mæti glöð á hverjum ein-asta degi.”



Lilja Pálsdóttir, nýráðin útíbússtjóri Glitnis í Mjódd.

Nálgast viðskiptavinina í stað þess að bíða eftir þeim

Lilja segir að ein þeirra breyt-inga sem orðið hafa á bankastarf-seminni þá að nú sé mikið lagt upp úr að hlusta á viðskiptavin-ina. Kanna hverjar þarfir þeirra séu og leita síðan eftir hvað af því sem bankinn hafi að bjóða henti þeim og þeirri starfsemi sem þeir annist. Hvernig viðskiptabankinn geti einfaldað þeirra líf og þeirra viðskipti. “Þetta á bæði við um einstaklinga og einnig hina fjöl-breyttu atvinnuflóru. Einstakling-arnir eru eins ólíkir og þeir eru margir og spanna alla lífsleiðina. Við byrjum með sparibaukana og sparnaðarleiðir fyrir börnin og endum gjarnan á því að annast um fjármál fyrir eldri borgarana.

nú leggjum við mikið upp úr því að nálgast viðskiptavini okkar enda væri bankinn ekki neitt ef hann hefði ekki viðskiptavini. Þeir eru númer eitt.”

Breiðholt og austur Kópavogur

En hvert er starfssvæði útíbús-ins í Þarbakkanum. Lilja segir það ná yfir Breiðholtið og aust-urhluta Kópavogs og þá einkum atvinnuhverfið sem liggur með-fram Reykjanesbrautinni en Glitn-ir er með tvö útibú í Kópavogi, í Hamraborginni og í Smáralind. “Breiðholtið sjálft er fyrst og fremst íbúahverfi en þó með all-nokkru atvinnulífi en meginhluti þess atvinnulífs sem við veitum þjónustu kemur úr Kópavoginum og raunar víðar að. Þar er mjög fjölbreytt atvinnustarfsemi og mörg og ólík verkefni sem kalla að.” Lilja segir að þótt margvísleg-ar breytingar hafi orðið á banka-starfseminni að undan förnu sé engin hætta á að sú þróun verið stöðvuð. “Við eigum örugglega eft-ir að sjá margar fleiri breytingar á næstu árum. Þróunin er svo hröð og bankarnir rétt eins og aðrir verða að svara kröfum tímans.”

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík 27. og 28. október 2006

Kolbrún Baldursdóttir

sálfræðingur og varapingmaður

Samkennd

Staðfesta

Stöðugleiki

Við hvetjum alla sjálfstæðismenn í Breiðholti til að taka þátt í prófkjörinu og kjósa Kolbrúnu í 6. sæti.

KOLBRÚN

6

SÆTI



Kolbrún er sálfræðingur með fjölþætta reynslu að baki. Hún hefur unnið að málefnum barna og fjölskyldna þeirra í tæpa tvo áratugi. Kolbrún var um árabil leiðandi í gerð kjarasamninga sálfræðinga og hélt jafnframt námskeið í samningatækni fyrir fjölda annarra stéttarféлага.

www.kolbrun.ws (WebSite)

VORUM AÐ TAKA

INN NÝJAR

VÖRUR

Hársnyrtistofan Galtará

Hraunbergi 4

2.hæð.

Sími 5572440

Allir velkomnir



WELLA

SEBASTIAN®

PROFESSIONAL

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298



Framtíðarmann í forystu!

www.illugi.is

Ný verkefni • Nýjar áherslur • Illuga í 3. sæti
Prófkjör okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík er 27. og 28. október 2006.

Fjölskyldudagur í
kosningamiðstöðinni
Suðurlandsbraut 14.

Endilega kíktu í kaffi og bakkelsi
og spjallið við Illuga og aðra
sjálfstæðismenn um prófkjörið
og baráttuna framundan.
Boðið verður upp á andlitsmálningu,
leikföng og gæslu í barnahorninu.

Krafan um tilfinningar er sterkari

“Já - það er rétt. Ég er með nokkrar hænur í garðinum hjá mér. Þetta eru hænur af íslenska stofninum. Þær eru skemmtilegar og stundum getur verið nokkur atgangur í þeim. Nei - ég er ekki með hana. Þær verða að láta einlífið sér nægja. Ég held að nágrannarnir yrðu ekki hrifnir af því að hani hæfi upp raust sína klukkan sex á sunnudagsmorgnum,” segir Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur sem býr í Jakaselínu efst í Breiðholti. “Ég held að þessi hverfishluti hafi á sínum tíma verið hugsaður á þann hátt að fólk gæti verið með einhver dýr hjá sér. Nágranni minn er með fjárhús í garðinum en ég veit ekki hvort um fleiri ábúendur af þessu tagi er að ræða.” Kolbrún fer því trúlega ekki út í búð eftir eggjum “Nei - ég þarf þess ekki. Þær verpa vel og við borðum mikið af eggjum,” segir Kolbrún og hlær.

Alsæl eftir erfiða daga

En Kolbrún er ekki aðeins hænsnabóndi. Hún starfar sem sálfræðingur og er nú að stíga sín fyrstu skref í stjórnmálum og hefur gefið kost á sér á lista í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir komandi þingkosningar. Hún segir stjórnmálaáhugann hafa aukist með árunum og nú hafi hún ákveðið að láta slag standa. Ekki var þó ætlunin að ræða hina pólitísku gerjun í huga hennar heldur að spjalla við hana um starf hennar sem sálfræðings en hún hefur í gegnum tíðina unnið mikið með ungmennum og einnig fjölskyldu-fólki sem átt hefur í margvíslegum erfiðleikum. En áður en að því kom vaknaði spurningin um af hverju hún hefði valið sálfræðina. “Ég held að þar komi sitt lítið af hverju til. Einhver hluti kemur úr persónuleikanum og annar úr umgjörðinni um uppeldið sem maður fékk. Ég held að ef maður hefur sjálfur upplifað sárar tilfinningar þá fer maður með aðrar spurningar út í lífið og vill leita svara við þeim. Ég held þó að ekki sé hægt að alhæfa neitt um þetta. Fólk er svo misjafnt og áhugamál þess geta átt sér svo margvíslegan uppruna. En ég er mjög ánægð með þetta starf og það hefur verið afskaplega gefandi.” Kolbrún kveðst einnig hafa verið heppin. “Ég hef rekið stofu frá því 1992 og þessum tíma hefur skjólstæðingafjöldinn vaxið stöðugt. Þetta hefur sannfært mig um að ég sé að gera eitthvað gott og það hefur hvatt mig áfram. Stundum kem ég alsæl heim eftir langa og oft erfiða daga á stofunni vegna þess að mér finnst ég vera að ná árangri.”

Fordómarnir að hverfa

Kolbrún segir fólk farið að leyfa sér að leita í meira mæli eftir þjónustu sálfræðinga. “Ég held að það liggi í þjóðfélagsbreytingum vegna þess að fyrr á árum var sálfræðiþjónusta hálfgerð tabú. Ég minnst þess að þegar ég fyrir allmörgum árum fór til Akureyrar á vegum Fangelsismálastofnunar og roskinn lögreglumaður sótti mig á flugvöllinn en fangelsið á Akureyri er til húsa í sömu byggingu og lögreglustöðin. Á leiðinni af flugvellinum varð mér á að spyrja hvort margir sálfræðingar væru á Akureyri. Þá vafðist þessum heiðursmanni nokkuð tunga um tönn þar til hann svaraði því til að það færi varla nokkur maður á Akureyri til sálfræðings. Þetta er dæmi um gamla tímann og þann hugsunarhátt sem var ríkjandi allt fram á síðari ár. En fordómarnir hafa verið að hverfa og fólk er farið að skilja að það er enginn skómm að því að leita til sálfræðinga og ég vona að það sama eigi við um geðlækna.”

Að hlusta og veita aðhald og hlýju

Kolbrún starfaði í fyrstu hjá Fangelsismálastofnun og fór síðan að vinna með ungmennum m.a. á Stuðlum þar sem hún starfaði sem yfirsálfræðingur. Hún segir það forréttindi í sínum huga að hafa fengið tækifæri til þess að starfa með ungmennum. Þetta sé svo margslungið aldursskeið þegar fólk er á mörkum bernsku og fullorðinsára. Að sumu leiti enn börn en að verða fullorðin á öðrum sviðum og ekki alltaf viss um hvoru megin þau séu í raun og veru. “Mín reynsla er sú að lang flest af þeim ungmennum sem til mín hafa leita eða að ég hef starfað með séu góðir krakkar þótt einhverstaðar hafi eitthvað brotnað á lífsleiðinni. Ég hef veitt því aðhygli að mörg ungmenni vilja að hlustað sé á þau en þau vilja einnig ákveðið aðhald og þau þarfnast hlýju. Á þessum grunni er oft hægt að ná býsna langt með þeim þótt eitthvað hafi farið úrskeiðis eða erfiðleikar steðjað að.”

Hverjir búa á heimilinu?

Fjölskyldusamsetningin hefur verið að breytast á undanförmum árum og er alls ekki sú sama og var og fjölskyldur eru einnig oft að breytast aftur og aftur. Nýir aðilar koma og fara og tengsl myndast og rofna. Koma þessar breytingar á fjölskyldunni oft við sögu þegar vanda ber að dyrum ungmenna? “Þessar breytingar og stöðugar hræringar í fjölskyldumálum koma oft við sögu en við megum ekki gleyma því að orsakir að vanda ungmenna liggi mun víðar. Fjölskylduaðstæðurnar geta gert börnum og ungmennum erfitt fyrir og sérstaklega ef þær eru sífellt að breytast. Stundum eru þessi mynstur svo flókin að nánast þarf að teikna þau upp. Í dag eru til börn sem búa jafnvel við þriðja heimilisföðurinn svo dæmi sé nefnt og systkinahópar standa saman af hálfssystemum í báðar áttir og óskyldum börnum fyrirri maka af báðum kynjum. Fjölskyldumynstrið er oft mikið flóknara en áður fyrr þegar algengast var að fjölskyldan stæði saman af föður, móður og börnum og breyttist ekkert til æviloka.” Kolbrún kveðst stundum byrja á því að spyrja hverjir búi á heimilinu þegar hún er að ræða við ungmenni sem leita til hennar og næsta spurning sé hver sé næsti hringur fjölskyldna og ættmenna þar fyrir utan til þess að átta sig á hvernig viðkomandi fjölskyldur virki. “Það reynir oft mikið á foreldra þegar um samsettar fjölskyldur er að ræða og eftir því sem fjölskyldurnar verða flóknari er auðvitað meiri hætta á eitthvað fari úrskeiðis í hinum mannlegu samskiptum. Þetta verður aldrei einfalt og spurningin er um hvernig fólki tekst að vinna saman að þessu leyti og láta hlutina ganga upp á hverjum tíma. Þess vegna er eðlilegt að fólk komi til þess að fá ráðleggingar um hvern-



Kolbrún Baldursdóttir á gangi í móunum ofan við byggðina í Seljahverfi.

ig best geti verið að koma fram og vinna við þessar flóknu aðstæður. Hið daglega líf er orðið svo mikið flóknara en fyrir ekki lengri tíma en aldarfjórðungi.” Sjálf kveðst hún hafa alist upp í brotinni fjölskyldu. “Hjónaband foreldra minna entist ekki en hjónaskilnaðir voru ekki eins algengir þá og nú. Ég var eina barnið í bekknum sem kom frá þannig heimili. Móðir mín vann úti og við systkinin áttum því ekki æsku þar sem móðir okkar var á heimilinu eins og margir af mínum jafnöldrum. Ég man að á þessum árum fannst mér það hljóta að vera toppurinn á tilverunni að eiga mömmu sem væri heima. Ég fór stundum heim með vinkonum mínum eftir skóla og þá var sérstakur “drekkutími” á heimilinu. Eitthvað sem ég vandist ekki heima af eðlilegum ástæðum. Við bjuggum líka þröngt og deildum herbergjum þegar við vorum börn og unglingar. Ég bý því að ákveðinni persónulegri reynslu að þessu leyti,” segir Kolbrún og bætir við að nú hafi þetta algerlega snúist við. Það sé viðburður að finna heimavinnandi móðir.

Að eignast bíl eða ekki

En þú nefndir fleiri orsakir? Já - það kemur fleira til og ég staðnæmist í þessu efni nokkuð við þær öfgar sem virðast fara vaxandi í samfélaginu, neysluhyggjuna, samkeppnina og kröfur um eitt og annað. “Ég get nefnt dóttur mína sem dæmi. Hún var að fá ökuréttindi og fór þá að ræða um að eignast bíl. Ýmsir jafnaldrar hennar höfðu eignast bíla eða fengið þá til umráða um 17 ára aldurinn. Ég er ekki að segja að hún hefði ekki getað safnað sér fyrir bíl eða við aðstoðað hana við að eignast hann. En það kostar líka að eiga bílinn og við reyndum að útskýra fyrir henni hvað þyrfti til þess að reka bíl og hún ákvað að bíða með þetta. Ég held að þetta kapphlaup geti stundum enda í ógöngum þótt ég vilji ekki alhæfa neitt í því efni. En ég vil líka staðnæmast við þann stóra hóp af

krökkum og ungmennum sem eru einhvern veginn með allt á hreinu og eru að gera alveg ótrúlega hluti. Ég held að sá hluti af æskunni sé mikið stærri þótt sá hópur sem á í einhvers konar vanda setji e.t.v. meiri svip á umræðuna.” Kolbrún segir að aðgengi að foreldrunum skipti miklu máli og þar komi tækni nútímans við sögu. Flest ungmenni og mörg börn séu með farsíma og geti látið vita af sér og foreldrar náð til þeirra nánast hvenær sem er. “Samskiptin hafa breyst að þessu leyti því aðstæður á heimilum hafa breyst mikið og eru allt aðrar en þær voru. Mæðurnar starfa nú utan heimilis en áður voru þær oft heima og krakkarnir vissu af þeim þar. Þau gátu gengið að þeim þar ef þau vanhagaði um eitthvað eða vandamál komu upp. Þá var hægt að hlaupa heim. Þetta er breytt en oft er nóg að taka upp tólið. Samskiptin eru enn fyrir hendi í flestum tilfellum þótt þau fari fram með öðrum hætti.”

Krafan um tilfinningar er sterkari

Kolbrún heldur áfram að ræða um fjölskylduna og hjónabandið, samskipti og skilnaði hjóna og orsakir og afleiðingar þess fyrir foreldra og börn út frá starfs-

reynslu sinni. Hún segir þær breytingar hafa orðið á undanförmum árum að fólk geri meiri kröfur til hjónabandsins en var. “Ef fólk upplifir samskipti sín þannig að það elskar hinn aðilann eða hvort annað ekki lengur þá er skilnaður alveg inn í myndinni. Áður lét fólk sig mikið fremur hafa það að búa áfram saman og deila lífinu hvort með öðru þótt ástarneisinn hefði slokknað. Fólk leit á að það væri gift og það fór þessa leið bara saman.” Kolbrún segir kröfuna um tilfinningar sterkari í dag en áður og ef fólk sé ekki að upplifa sambönd sín eða hjónabönd þannig að henni sé fullnægt þá kjósi það oft fremur að yfirgefa sambúðina en að halda áfram í samböndum sem uppfylli ekki væntingar þess. En þetta er ekki einhlítt og margt annað kemur við sögu. Þar á meðal daglegt líf. “Fólk hefur oft komið sér í aðstæður sem reyna á sambönd þess. Fólk hefur eytt um efni fram og á í fjárhagslegum erfiðleikum eða skapað sér aðrar aðstæður sem valda streitu í hjónaböndum og samböndum. Þá nær fólk ekki alltaf að vera samtaka um að leysa úr málunum. Það nær einfaldlega ekki að líta á aðsteðjandi vanda sem verkefni sem þarf að leysa þótt það sé hugsanlega enn ástfangið.”

Ráðgjöf vantar

Kolbrún segir að neyslufyrirmyndir dagsins í dag geti skapað hættu. Fólk eigi í samkeppni um lífsstíl og mörg dæmi megi finna um að fólk sé búíð að steypa sér á kafi í neysluskuldir þegar á unga aldri sem geti reynst því erfitt að losna úr. “Orsakanna getur víða verið að leita. Þær geta legið í uppeldi fólks og í skólakerfinu og það virðist skorta hreina og beina ráðgjöf í þessum efnum. Fólk er ekki upplýst nægilega vel eða þá á rangan hátt hvað mikil umframneysla og skuldasöfnun getur haft í för með sér. Ég held að kominn sé tími til þess að krökkum verði leiðbeint í fjármálum og skólakerfið komi að því með einhverjum hætti,” segir Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur, hænsnabóndi og frambjóðandi í Breiðholti um leið og hún sýnir tíðindamanni hænsnakofann. Það eru egg í varp-kössunum.

Nýr salur og lifandi tónlist á Sportbarnum

“Við höfum verið að laga til hjá okkur og erum nú m.a. búin að opna nýja sal og einnig að fjölga billjardborðunum,” sagði Ólafur Birgisson á Sportbarnum í Seljahverfi. Við byrjuðum á þessu í sumar og ætlum okkur að halda áfram á þessari braut þótt ekki sé um neinar stórbreytingar að ræða. Við viljum umfram allt að hér sé huggulegt umhverfi þar sem fólki líður vel.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að vera með lifandi tónlist á kvöldin og hefur ný hljómsveit skipuð ungum mönnum spilað þar að undanförmum en hún heitir Johnny and the Rest. “Ég ákvað að fá strákana til þess að koma hingað og spila eitt kvöld og þeir fengu mjög góðar móttökur, sem varð til þess að þeir hafa verið hér áfram á laugardagskvöldum. Lifandi tónlist skapar aðra stemmingu og hér hefur verið húsfullir undanfarin laugardagskvöld.” Hvaða fólk sækir sporbarinn? “Það eru allar gerðir af fólki sem kemur hingað,” segir Ólafur. “Að und-



Ný borð á sportbarnum.

anförmu hefur talsvert borið á nýbúum og fólki sem dvelur hér tímabundið við störf. Margt af því er frá Póllandi en einnig frá öðrum löndum. Þetta eru ágætis gestir og upp til hópa um rólegt og friðsamt fólk að ræða.”

Á Sportbarnum er opið fyrir íþróttarásir og getur fólk m.a. komið og horfa á markverða fót-boltaleiki svo eitthvað sé nefnt og einnig er hægt að fá húsnaði fyrir einkasamkvæmi, afmæli og annað þar sem afmarkaðir hópar vilja að vera í næði.



Bústofninn í hænsnabirginu í Jakaseli 4.



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Gísli Jónasson

Ekki bara til sparibrúks

Ég hef orðið var við það, að sumt fólk virðist telja að kirkjan sé fyrst og fremst til sparibrúks eða þá að megin hlutverk hennar sé að veita einhverskonar hjálp í viðlögum. Það sé m.ö.o. gott að vita af henni þegar eitthvað kemur uppá hjá okkur og svo auðvitað til að punta upp á ýmis tímamót á lífsleiðinni.

Vissulega er það rétt, að það er köllun kirkjunnar, að taka þátt í mikilvægum tímamótum á lífs-göngu okkar og sannarlega hefur hún og boðskapur hennar afar mikilvægu hlutverki að gegna á erfiðum stundum. En kirkjan er miklu meira en bara einhver stofnun, sem leitað má til á slíkum stundum. Kirkjan er samkvæmt sjálfri merkingu orðsins, "það sem Guð á, það sem tilheyrir honum", og þar er þá átt við okkur kristna menn. Við erum kirkjan. Öll erum við sköpun hans og höfum flest verið helguð honum fyrir heilaga skír. Á þeirri stundu var því lýst yfir, bæði á himni og á jörðu, að við værum Guðs börn.

Það var einmitt megin erindi Jesú Krists við okkur mennina, að gefa okkur hlutdeild í þessari gjöf. Flytja okkur fagnaðarerindið um kærleika Guðs og þá gleði-

frétt, að hann lætur sig okkur varða hvert og eitt og hvað um okkur verður.

Kristur á því erindi við okkur öll, brýnt erindi, sem enginn má missa af. Og það er köllun kirkjunnar að koma þessu erindi á framfæri. Ekki bara spari, á hátíðum og tillidögum eða á erfiðum stundum, heldur alltaf. Hún á erindi við okkur sérhvern dag, hvar sem við erum stödd og hvernig sem fyrir okkur er komið. Hún kallar okkur til samfélags við Krist og hvert við annað. Kallar okkur til að vera kirkja.

Kirkjan er því ekki bara til sparibrúks, heldur líka hvunn dags, alltaf, allsstaðar. Hvar sem er og hvenær sem er. Af þessu hlýtur að leiða, að starf hennar er margbreytilegt. Sumt fer hljótt og er unnið í kyrrþey, annað er öllum augljóst. En öllu er því ætlað, með einum hætti eða öðrum, að minna okkur á, að við þurfum á Drottni að halda og því sem hann vill gefa. Hann á erindi inn í líf okkar hvers og eins, sem vinur okkar og frelsari.

Því það vitum við öll, ef við erum hreinskilin, hversu margt er að í þjóðfélaginu og hjá okkur sem einstaklingum. Við þekkjum vandamálin og erfiðleikana sem hvarvetna blasa við og hversu margt er öðruvísi en vera ætti okkar á meðal. Engu að síður er það samt sorgleg staðreynd, að

sumir vilja alls ekki kannast við það, að neitt sé að, né að þeir séu á nokkurn hátt hjálparþurfi.

Bregðumst við þannig við, þá fer fyrir okkur á svipaðan átt og Indverska Bramínanum, sem var vanur að baða sig og drekka úr hinu heilaga fljóti Ganges. Eitt sinn var honum sýnt vatnssýni úr ánni í smásjá. Þar blasti við heldur ókræsileg sjón. Allskonar örverur, bakteríur og ýmskonar óprifnaður. Manninum hryllti við þessu öllu og greip því lurk og mölbraut smásjánnu. Að því búnu hét hann áfram að baða sig og drekka vatnið eins og ekkert hefði í skorist. Það hlyti að vera í lagi úr því að hann sæi nú ekki lengur neitt athugavert við vatnið!

Getur það verið að við bregðumst stundum þannig við? Neitum að horfast í augu við sannleikann um okkur sjálf, líf okkar og tilveru og teljum okkur því jafnvel ekki þurfa á Guði og hjálp hans að halda? Ekki nema þá svona spari? Annars getum við bara sjálf!

Því svari hver fyrir sig. En Guð er ekki spari og kirkjan hans ekki heldur. Hún er þvert á móti til almennra nota, til daglegs brúks. Hún er samfélag, þar sem við erum öll velkomin. Þar sem við erum öll mikilvæg, því við erum kirkjan og hún þarf á okkur að halda og við á henni.

Nauðsynlegt að rjúfa einangrun fólks

Nú er unnið að því að koma á fót starfi til þess að finna og vinna með eldra fólk í Breiðholti sem hefur ekki nýtt sér félagsstarf sem er í boði í hverfinu og fólki sem af einhverjum ástæðum hefur einangrast í lífinu. Markmiðið með hinu nýja verkefni er að fá fleira fólk til þess að koma að þátttöku í félagsstarfinu og einnig að rjúfa einangrun þess sé þess þörf og til að styrkja grenndarsamfélagið á svæðinu. Það er Rauði krossinn, kirkjan og félagsstarfið í Breiðholti sem standa að þessu verkefni og ætlunin er m.a. að mynda hóp sjálfbóðliða til þess að sinna því.

Félagsleg einangrun fer vaxandi

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi og Kristján Sigurjónsson, forstöðumaður félagmiðstöðvarinnar Árskóga, segja að komið hafi í ljós að talsvert af fólki og þá einkum eldra fólk hafi einangrast að miklu leyti og hafi mjög takmörkuð samskipti við annað fólk. Trúlega sé þessi vandi útbreiddari á meðal eldri borgara hér á landi en talið hefur verið en hann er vel þekktur erlendis frá. Guðrún og Kristján kváðust bæði hafa tilfinningu fyrir því að sá vandi sem hlýst af félagslegri einangrun fari vaxandi. Bæði geti verið um að ræða fólk sem lengi hafi búið við einsemd og félagslega einangrun en einnig fólk sem orðið hafi fyrir einhvers konar áföllum í lífinu, t.d. langvarandi veikindum eða jafnvel ótimabærum atvinnumissi sem orsakað hafi félagslega einangrun. Þau lögðu bæði áherslu á nauðsyn þess að gæta að einstaklingnum sem manneskju þegar til starfsloka komi.

Finna þörfina og sjálfbóðaliða

Markmið þessa nýja verkefnis er einkum að finna hver þörfin er, finna verkefni sem fólk getur fengið við og gera því kleift að sinna þeim. Fjöldi fólks nýtir sér félagsstarfið í Gerðubergi og í Árskógum nú þegar. Að sögn þeirra Guðrúnar og Kristjáns koma sumir jafnvel daglega og umgangast þetta starf næstum eins og um fasta vinnu væri að ræða. Þau sögðu í



Arndís Markúsdóttir er ein þeirra sem nýtir sér félagsstarf eldri borgara reglulega.

samtölum við Breiðholtsblaðið að félagsstarfið væri löngu búið að skipa sér fastan sess í lífi margra og mótaði jafnvel þá umgjörð sem fólki væri nauðsynleg um daglegt líf. Áhugamálin væru vissulega margvísleg og reynt væri að koma til móts við sem flesta með því að auka við fjölbreytni félagsstarfsins. Sýningar sem félagsstarfið hefur efnt til á verkum þátttakenda á liðnum árum tala sínu máli um þá fjölbreyti sem er í boði og einnig áhugamál og hæfileika fólksins sem nýtir sér þessa möguleika.

Kynslóðirnar saman

Þá er unnið að verkefni í Breiðholti sem kallast "Kynslóðirnar saman". Markmið þess er að gefa nemendum grunnskóla tækifæri til þess að eiga samveru og fá fræðslu með eldri borgurum, styrkja eigið gildismat og dómgreind með því að tengja reynsla fyrri ára við þá reynslu sem er að skapast á meðal unga fólksins auk þess að tengja grenndarsamfélagið inn í skólastarfið. Þrír grunnskólar í Breiðholti taka þátt í þessu verkefni með félagsstarfi eldri borgara og nú hafa Garðheimar bæst í hópinn og gefa í vetur verðlaun í félagsvist sem eldri og yngri borgarar spila í samverustundum kynslóðanna.



ÖLL ALMENN PRENTUN
Sími 561 1594
895 8298
HRÓLFSSKÁLAVÖR 14
NETFANG: NES@ISHOLF.IS

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298



Borgarbókasafn
Gerðubergssafn
Gerðubergi 3-5
s. 557 9122
www.borgarbokasafn.is



Gerðubergssafn
er safnið í þínu hverfi



Lauflett bókasjall

fyrsta miðvikudag í mánuði í vetur

Viltu heyra hvað aðrir lesa eða spjalla um bækur sem þú hefur lesið eða langar til að lesa?

Kíktu þá í bókasjall með okkur!

Við hittumst kl. 20.00 og fáum okkur kaffi og konfekt í leiðinni

Fyrir áramót verður bókasjallið 1. nóvember og 6. desember

Verið velkomin

Opið öll
miðvikudagskvöld
til kl. 21.00

bækur, tímarit, dagblöð, tónlist, kvikmyndir og fræðslumyndir

LISTASAFN ÍSLANDS MÁLVERKIÐ EFTIR 1980 ICELANDIC PAINTING AFTER 1980

7.10. - 26.11. 2006

OPIÐ DAGLEGA, KL. 11 - 17, LOKAÐ MÁNUDAGA

ÓKEYPIS AÐGANGUR
FREE ADMISSION

Stefán Jóhann Stefánsson skrifar:

Betra Breiðholt

Það fer vel á því að þjónustumiðstöð Breiðholts hefur hafið átak undir kjörorðinu Betra Breiðholt, enda var það eitt af markmiðunum með stofnun þjónustumiðstöðvanna fyrir rúmu ári að bæta þjónustu og mannlíf í hverfum borgarinnar. Liður í þessu er Breiðholtsdagurinn, sem er nýafstaðinn með góðri þátttöku fólks á öllum aldri og endurspeglar hann þann mikla félagsauð sem í hverfinu býr. Það hefur sýnt sig að íbúar eru mjög ánægðir með starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.

Hverfisráðið er vettvangur fyrir íbúana

Nýkjörið hverfisráð er tekið til starfa og má binda miklar vonir að það verði vettvangur fyrir umræðu á meðal hverfisbúa og farvegur fyrir óskir þeirra til borgarinnar, m.a. um bætta aðstöðu og þjónustu. Ráðið er skipað þremur fulltrúum úr hverfinu sem kjörnir eru af borgarstjórn. Hér í Breiðholti hefur skort almenn íbúasamtök og það var því einkar ánægjulegt þegar þau voru stofnuð í haust og má búast við því að náið samstarf takist með þeim og hverfisráðinu.

Á fundum hverfisráðsins undanfarið hefur verið fjallað um ýmis mál, svo sem sjá má í fundargerðum (á www.rvk.is). Rætt hefur verið við skólastjórnendur, lögreglu og stjórnendur hverfisbækistöðvar og viðræður við leikskólastjórnendur og fleiri eru á dagskrá. Ráðið fær til umsagnar áformaðar skipulagsbreytingar í hverfinu og á síðasta fundi ráðsins tók það undir áhyggjur íbúa um aukna umferð vegna áformaðra nýbygginga nálægt Seljaskóla. Ráðið fagnaði á hinn bóginn skipulagsbreytingum sem ætlað er að bæta aðstöðu ípróttafélagsins Leiknis.

Ípróttaaðstaðan fer batnandi

Það er ánægjulegt að sjá aðstöðuna batna hjá ípróttafélögum í hverfinu, eins og gervigrasvöllurinn hjá ÍR er dæmi um. Það er framkvæmd sem Reykjavíkurlistinn stendur fyrir, auk þess sem hann setti 800 milljónir króna til ípróttahúss fyrir ÍR á þríggi ára áætlun og 100 milljónir króna í niðurgreiðslu á æfingagjöldum og þátttökugjöldum til ípróttafélaga og annars tómstundastarfs. Nýjar hugmyndir um skipulag á

ÍR-svæðinu eru einnig spennandi fyrir félagið, en það fagnar 100 ára afmæli á næsta ári.

Megnandstaða gegn spilasal í Mjódd

Þegar margt jákvætt er í gangi vekur sérstaka eftirtekt að margir íbúar hverfisins eru sáróánægðir með áform um að koma fyrir svokölluðum spilasal í Mjódd. Það virðist fátt geta hindrað þetta, en hafin hefur verið undirskriftasöfnun meðal íbúa gegn þessu. Það er ótrúlegt að menntastofnanir, og ýmsir sem annars vilja stuðla að jákvæðri uppbyggingu í samfélaginu skuli enn treysta á tekjur frá svona starfsemi. Af þessu tilefni hef ég óskað eftir því að kynntar verði í hverfisráðinu upplýsingar um fjölda spilaflka sem leitað hafa sér aðstoðar í borginni á undanförnum árum.

Skólarnir eru lykilstofnanir samfélagsins

Á þeim fundum sem haldnir hafa verið hér í hverfinu í haust hef ég skynjað enn betur en áður mikilvægi grunnskólanna og leikskólanna í hverfinu. Þeir eru ekki bara menntastofnanir, heldur eru þeir einnig farvegur fyrir alla þá félagslegu straua sem liðast um samfélagið. Það frumkvæði sem skólarnir hafa sýnt í því að ýta undir foreldrastarf verður seint ofmetið. Starf af því tagi, hvort heldur er í svokölluðu foreldrarólti til að hafa eftirlit með unglingum, eða starf foreldra hjá ípróttafélögunum og öðrum félögum eru einnig stór partur af þeim jákvæða félagsauði sem í hverfinu býr. Það er því margt jákvætt í gangi hér í hverfinu og mikilvægt að íbúarnir vinni stöðugt að því með borgaryfirvöldum að gera gott Breiðholt enn betra.

Stefán Jóhann Stefánsson vara-borgarfulltrúi, fulltrúi í hverfisráði Breiðholts og formaður Hverfafélags Samfylkingarinnar í Breiðholti.



Stefán Jóhann Stefánsson.

Sundfélagið Ægir

Góður árangur á VÍS móti

Um síðastu helgi fór VÍS-sundmót Ægis fram í Laugardalslaug. Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir að um smá tæknileg vandamál væri að ræða.

Árangur Ægiringa var mjög góður á mótinu. Yngri krakkarnir eru að standa sig frábærlega og mikið um stórbættan árangur. Þau eldri voru að synda við sína bestu tíma og nokkuð bættur árangur sást einnig hjá þeim. Kvennasveit Ægis setti gott Íslandsmet í 4x50 metra flugsundi en gamla metið átti sveit ÍA. Kolbrún Yr Kristjánsdóttir setti Ægismet í 50 metra flugsundi en gamla metið átti Bryndís Ólafsdóttir.



Kvennasveitin en hana skipuðu þær: Ásbjörg Gústafnsdóttir, Kolbrún Yr Kristjánsdóttir, Anja Ríkey Jakobsen, og Auður Jónsdóttir.

Ríkarður Norðurlandameistari

Ríkarður Ríkarðsson Ægiringur og Ólympíufari varð Norðurlandameistari í 50 metra flugsundi, 100 metra skriðsundi, 100 metra flugsundi og í 50 metra skriðsundi á Norðurlandamóti Garpa sem haldið var í Danmörku nýlega en hann syndir í flokknum 25 til 29 ára.

Ríkarður setti einnig Íslandsmet í 50 metra og 100 metra flugsundi og 50 metra skriðsundi.

Boðsundsveit Ægis sýndi einnig góða takta. Hún sigraði bæði í 4x50 metra skriðsundi og 4x50 metra fjórsundi í aldursflokkum 100 til 119 ára, sem er samlagður aldur, og voru lang fyrstir.

Þeir fóru 4x50 metra skriðsund á 1:48.55 og 4x50 metra fjórsund á 2:02.04. Þeir voru reyndar eina sveitin í sínum aldurflokki en náðu engu að síður góðum tíma sem í keppni við aðrar sveitir væri.

Leiknir

Óli Halldór þjálfar meistara-flokkinn

Óli Halldór Sigurjónsson hefur verið ráðinn til þess að þjálfar meistaraflokk Leiknis. Þar með er leit að nýjum þjálfara lokið en hægt er að staðfesta að listinn af þeim þjálfurum sem komu til greina var ansi langur, Óli var þó alltaf einn af þeim efstu á óskalistanum en nauðsynlegt

þótti að skoða markaðinn vel.

Margir þjálfarar voru voru skoðaðir en að lokum taldi meistaraflokksráð Óla besta kostinn og er það með mikilli ánægju að beggja hálfu að hann tekur nú að sér þjálfun meistaraflokksins. Óli var viðloðandi meistaraflokkinn á sl. sumri. Hann aðstoðaði Garðar,

sem lét af störfum eftir sumarið, og Jóa aðstoðarþjálfara. Óli hefur líka þjálfað 2. og 3. flokka Leiknis en hann er 33 ára gamall og var einmitt aðstoðarmaður Gæa árið 2004. Óli spilaði með Leikni á árum áður en meistaraflokksráð hlakkar mikið til að vinna með þessum sanna Leiknismanni.

Freyr með Leikni

Varnarmaðurinn Freyr Alexandersson sem er betur þekktur sem Freysi hefur skrifað undir samning við breiðholts-

félagið Leikni í Reykjavík. Jeppinn einsog hann kys að kalla sig, einn allra manna, hefur undanfarinn ár verið

mikilvægur hluti af öflugri vörn Leiknismanna.

borgarblod.is

„Við megum ekki missa sjónar á því að velferðarkerfið á að vera fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda en ekki hina sem nóg hafa.“

- Sigríður Andersen

Kosningaskrifstofa stuðningsmanna Sigríðar Andersen er í Landssímahúsinu við Austurvöll. Síminn er 561 4567. Alltaf heitt á könnunni.

5-7. SÆTI

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október.

www.sigridurandersen.is

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og billinn verður áberandi hrein og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Ópið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara

Tökum bíla á 35x12,5 tommu dekkjum

Gældu við bílinn með léttum og mjúkum svampburstum aaaahhhhhh!

LÖÐUR miðstöð bílaunnenda sími 544 4540 | www.lodur.is

Meistarakeppni KLÍ

Keppnistímabilið í keilunni hófst formlega fimmtudaginn 21. september þegar Meistarakeppni KLÍ í karla- og kvennaflokki fór fram í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Lauk leikjunum með tvöföldum sigri ÍR-inga sem fögnuðu innilega að loknum leik.

Með sigri ÍR-TT á Íslands- og bikarmeisturunum KFR-Valkyrjum var brotið blað í sögu keilunnar á Íslandi, en þetta er í fyrsta sinn sem kvennalið úr öðru félagi en Keilufélagi Reykjavíkur KFR vinnur titil í liðakeppni í keilu í efstu deild kvenna.

Lið ÍR-TT skipuðu Guðný Gunnarsdóttir, Karen Rut Sigurðardóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir, Sigríður Klemensdóttir og Sigurlaug Jakobsdóttir. Í karlaflokki lögðu Íslandsmeistararnir ÍR-PLS, bikarmeistarana KFR-Lærlingar sem veittu þeim litla mótspyrnu að þessu sinni. Lið ÍR-PLS skipuðu Hörður Ingi Jóhannsson, Róbert Dan Sigurðsson, Sigurður E. Ingason, Steinþór G. Jóhannsson og



ÍR-ingar unnu bæði í karla- og kvennaflokki í meistarakeppni KLÍ í keilu.

Halldór Ragnar Halldórsson.

Haflíði Ólafsson ÍR eru Reykjavíkumeistari einstaklinga með forgjöf 2006 og er þetta í fyrsta sinn sem hann vinnur þennan titil. Hann sigraði Reyni Þorsteinsson ÍR í úrslitaleikjunum og fóru báðir

leikirnir 2 til 1. Í þriðja sæti kvenna voru Bergþóra Rós Ólafsdóttir ÍR og Róbert Dan Sigurðsson ÍR. Í leiknum um 3. sætið sigraði Bergþóra, Ástrósu Pétursdóttur ÍR 2 - 1 og Róbert sigraði Halldór Ásgeirsson ÍR 2 - 0.

ÍR-ingar í Berlínarmaraboni

Nokkrir ÍR-ingar úr skokkhópnun tóku þátt í Berlínarmaraboni sem fór fram sunnudaginn 23. september en tæplega 40.000 þátttakendur voru í maraboninu.

Gauti Höskuldsson sem kepp-

ir í flokki 45 ára kom fyrstur ÍR-inga í mark á tímanum 2:51:48 og varð hann 31. í mark í sínum aldursflokki. Sigurjón Sigurbjörns-son hljóp á tímanum 2:59:17 og varð 25. í mark í flokki 50 ára. Alls

hlupu átta ÍR-skokkarar og meðal þeirra var Óskar Ármannsson sem var að hlaupa sitt fyrsta marabon og kláraði það með sóma á 4:22:12 klst. Nánari úrslit má finna á www.4mmedia.is/kah

Fjórir settu sveinamet

Fjórir félagar úr frjálsíþróttadeild ÍR settu nýtt íslenskt sveinamet í 1000 metra boðhlaupi 4. október sl.

Þetta voru þeir Snorri Sigurðs-

son, Steinar Thors, Heimir Þorisson og Einar Daði Lárusson. Snorri hljóp 100 metra, Steinar 200 metra, Heimir 300 metra og Einar Daði 400metra. Þeir hlupu

á tímanum 2:05,56 mín. en gamla metið, sem var í eigu Breiðabliks síðan 2002 var 2:07.05 mín. Glæsilegur árangur hjá þessum efnilegu strákum.

Unnu fimm titla af níu

ÍR-ingar unnu fimm Íslandsmeistaratitla af níu í einstaklingskeppni Viðavangs-hlaups Íslands sem fram fór á Viðstaðatúni 14. október. Þá sigruðu ÍR-stelpur og ÍR-sveinar í fjögurra manna sveitakeppni í sínum flokkum.

Gunnar Ingi Harðarson gaf tóninn fyrir ÍR-inga í fyrsta hlaupi dagsins þegar hann sigraði örugglega í flokki 12 ára stráka þrátt fyrir að vera aðeins tíu ára. Dagbjartur Daði Jónsson kom 14. í mark en hann er aðeins 9 ára og Snorri Þór Sigurðsson 16. af 29 keppendum.

Í flokki 12 ára stelpna sigruðu ÍR stelpur þrefalt en Björg Gunnarsdóttir kom fyrst í mark eftir góðan endasprett, Aníta Hinriksdóttir varð önnur og Kristín Líf Jónsdóttir varð þriðja. Klara Rún Hilmarsdóttir kom svo 11. í mark en keppendur í þessum flokki voru 24. Vera Sigurðardóttir frá Laugarvatni varð fjórða í hlaupinu en

hún æfir með ÍR-stelpunum. ÍR-ingar sigruðu fjögurra manna sveitakeppni með yfirburðum. Frábær árangur hjá stelpunum sem eru mjög duglegar að æfa og vinna vel saman á æfingum.

Í piltaflokki 13 til 14 ára kepptu þrír nýliðar fyrir ÍR og stóðu þeir sig mjög vel. Arnar Már Kristinsson varð annar eftir góðan endasprett og Kristján Torfi Örnólfsson varð fjórði eftir að hafa haldið öðru sæti lengsta af. Reynir Snær Valdimarsson varð sjöundi.

Snorri Sigurðsson vann yfirburða sigur í sveinaflokki kom 42 sekúndum á undan næsta manni í mark eftir 3000 metrum. Ármann Óskarsson varð fjórði, nýliðinn Stefán Árni Hafsteinsson fimmti og Adam Þorgeirsson sjötti. ÍR-sveitin vann sveitakeppnina.

Ólafur Konráð Albertsson sigraði óvænt en með glæsibrag eftir hörkukeppni í drengjaflokki 17 til 18 ára. Þá hljóp Vignir Már Lýðs-

son mjög vel og varð fjórði eftir að hafa leitt hlaupið fyrsta kíló-meterinn.

Fríða Rún Þórðardóttir hafnaði í öðru sæti í kvennaflokki eftir einvígi við Írisi Önnu úr Fjölni en Fríða Rún leiddi hlaupið nærri alla leiðina og Bryndís Ernstsóttir varð þriðja í kvennaflokki.

Burkni Helgason hljóp mjög gott hlaup í karlaflokki og náði þriðja sæti, Stefán Ágúst Hafsteinsson varð sjötti og nýliðarnir Þorsteinn Magnússon og Andri Gunnarsson urðu í sjöunda og áttunda sæti. Í öldungaflokki, 40 ára og eldri, sigraði ÍR-ingurinn Þorlákur Jónsson af miklu öryggi og tryggði fimmta Íslandsmeistaratitil ÍR-inga í Viðavangshlaupi Íslands 2006.

Glæsileg útkoma í heildina og greinilegt að lengri hlaupurum úr röðum ÍR-inga fer fjölgandi á sama tíma og árangurinn verður betri og betri.

Taekwondo er kennd hjá ÍR

Sjálfsvarnaríþróttin Taekwondo er Ólympíuþrótt sem allir geta stundað. Hún hæfir nánast hverjum sem er, óháð aldri, kynferði, og líkamlegu ástandi. Sem dæmi má nefna að hjá Taekwondodeild ÍR er starfræktur öflugur barnahópur og í fullorðinsflokkum hafa verið þó nokkrir nemendur sem eru á fimmtugsaldri og jafnvel eldri og gefa þeir hinum yngri ekkert eftir. Þá skipa konur stóran hluta nemenda. Þjálfunin er miðuð við hæfni hvers og eins og gildir það jafnt um börn og fullorðna. Auðvitað er það þó svo

með Taekwondo eins og annað að sumir æfa af kappi og verða afreksmenn en aðrir stunda íþróttina ánægjunnar vegna og sjálfum sér til andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar.

Slysatiðni í Taekwondo er mjög lág. Hún er t.d. mun lægri en í ýmsum vinsælum boltaleikjum t.d. handbolta og fótbolta. Upphitun er ávallt góð, teygjuæfingar minnka til muna hættu á tognunum og þess háttar meiðslum og öryggis er alltaf gætt við framkvæmd æfinga. Það er því ekkert að óttast því þótt Taekwondo

gangi að stórum hluta til út á að læra bardagataekni þá læra nemendur einnig að forðast að beita aðra ofbeldi. Sá sem notar Taekwondo til að beita aðra ofbeldi ótilneyddur er ekki sannur Taekwondo-maður og hefur engan veginn skilið tilganginn með Taekwondo. Áhugasamir skulu ekki hika við að mæta á æfingu og athuga hvort Taekwondo sé ekki eitthvað fyrir þá. Allar nánari upplýsingar um þessa íþrótt er að finna á heimasíðu félagsins www.irtaekwondo.net



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur

Skógarseli 12 • Sími 587 7080

Myndsími: 587 7081

Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Ásgeir og Sigurður þjálfar ÍR

Þann 1. október 2006, voru undirritaðir samningar við Ásgeir Elíasson og Sigurð Þóri Þorsteinsson um þjálfun m.fl. og 2. fl. karla.

Báðir koma þeir til okkar frá Fram, en þar komu þeir Fram í Landsbankadeildina að nýju. Ásgeir hefur farsælan knattspyrnu- og þjálfaraferil að baki eins og flestir þekkjast og Sigurður, sem nú er formaður KÍ (Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands), lék með ÍR upp alla yngri flokkana í knattspyrnu og hefur mikla reynslu af þjálfun m.a. hjá Fram, Fylki, Aftureldingu og Breiðabliki. Ásgeir hefur langan knatt-

spyrnuferil að baki og lék meðal annars með landsliðinu. Auk þess hefur hann þjálfað til lengri tíma hjá Fram og Þrótti auk þess sem hann þjálfaði landsliðið um tíma. Ásgeir lék með ÍR í handbolta og körfubolta þannig að þeir Sigurður eru báðir ÍR-ingar inn við beinið. Sigurður mun verða aðalþjálfari 2. flokks karla en auk þess mun hann þjálfar meistaraflokk með Ásgeiri. Þá munu þeir vinna að samhæfingarverkefni með þjálfurum yngri flokka (11 manna bolta) og loks skilgreina og koma af stað unglingaakademíu í samráði við unglingaráð knattspyrnudeildar.

Mikill uppgangur í Kvennaknattspyrnunni

Mikill og stöðugur uppgangur hefur verið í kvennaknattspyrnunni hjá ÍR síðustu tímabil. Yngri flokka starfið hefur verið með miklum ágætum, árangurinn hjá stelpunum góður og eins hefur gott foreldrastarf stutt vel við bakið á stelpunum og hjálpa til við að gera það að æfa fótbolta hjá ÍR að stöðugu ævintýri.

Fjórflokkur kvenna hélt m.a. í keppnisferð á Dana Cup í Danmörku nú í sumar. Þar fóru 19 stelpur í vikulanga ferð þar sem keppt var við stelpur frá Norðurlöndunum, England og USA. Var þar á meðal spilað við hið fornfræga lið Ipswich Town og lauk þeim leik með jafntefli 2 - 2. Ferðin var mikið ævintýri, heppnaðist í alla staði vel og stelpurnar staðráðnar í að þetta þurfi að endurtaka, sem verður örugglega gert.

Fimmti flokkur kvenna stóð sig frábærlega á Íslandsmótinu og var A-liðið í 1 - 2 sæti ásamt ÍBV í sinni deild. Spilað var við ÍBV í Vestmannaeyjum og var farið þangað með flugi frá Bakka í litlum flugvélum, mikið ævintýri. Eins var tekið þátt í Síamótinu í júlí stóðu stelpurnar sig mjög vel á því stórskemmtilega móti.

Flokkur kvenna tók þátt í mörg-

um skemmtilegum mótum og mikið var um að vera hjá þeim. Farið var á þæjumót á Siglufirði þar sem við vorum með 3 stórskemmtileg lið sem enduðu í 3. sæti A-lið 1.sæti B-lið og 4. sæti Bb-lið.

Þess ber samt að geta að þetta sama A-lið varð síðan fyrst allra kvenna liða hjá ÍR til að landa íslandsmestartitli! Einnig var tekið þátt í síamóti sem og öðrum mótum og var árangur sumarsins hreint út sagt frábær.

Sjöundi flokkur kvenna tók þátt í mörgum skemmtilegum og áhugaverðum verkefnum og þess má geta að þetta lið tapaði ekki leik á þessu tímabili þær unnu haustmót K.R.R og lentu í 2. sæti á markamun á síamóti og gerðu sér lítið fyrir og unnu þæjumótið á Siglufirði án þess að fá á sig mark.

Æfingar eru nú byrjaðar aftur á fullu fyrir næsta tímabil og hvetjum við allar stelpur sem langar að æfa fótbolta að koma á æfingu og prófa, það verður tekið vel á móti ykkur. Upplýsingar um æfingar er að finna á heimasíðu knattspyrnudeildar ÍR: www.ir-sport.is.

Eins er hægt að hringja í ÍR heimilið í síma 587 7080 og fá upplýsingar.

Grunnskólamót ÍR og Landsbankans

Þann 7. október sl. stóð handknattleiksdeild ÍR fyrir grunnskólamóti í handbolta í 5. - 8. bekk fyrir grunnskólana í Breiðholti. Það olli nokkrum vonbrigðum að aðeins 3 af skólunum sáu sér fært að senda lið til keppni, Breiðholtsskóli, Seljaskóli og Ölduselskóli. Hólabrekkuskóli

og Fellaskóli sendu ekki inn lið þetta árið en við vonumst til þess að það breytist á næsta ári. Landsbankinn var bakhjarl mótsins líkt og í fyrra og þökkum við honum stuðninginn enda hefði ekki verið hægt að halda mótið án hans.



GETRAUNANÚMER ÍR ER

109

GLITNIR

VIG
NÁ ÁRANGRI...

... Í SPARNAÐI

Prískiptur sparnaður Glitnis

VARASPARNAÐUR

– til að mæta óvæntum fjárútlátum, t.d. ef bíllinn bilar eða húsnæðið þarfnast viðgerðar. Og já, líka ef börnin þurfa tannréttingar.

NEYSLUSPARNAÐUR

– til að safna fyrir öllu því sem hugurinn gírnist, t.d. húsgögnum, heimilistækjum og utanlandsferðum. Eða bara fyrir því sem þú vilt!

LANGTÍMASPARNAÐUR

– til að byggja upp fjárhagslega velgengi í framtíðinni, t.d. kaupa betra húsnæði eða sumarhús, fara í heimsreisnu eða eiga fyrir menntun barnanna.

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði.

Farðu í næsta útibú Glitnis eða á www.glitnir.is og kláraðu málið!

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI